



Hampiðjan hyggst byggja allt að 115 metra langa veiðarfærageymslu austan við byggingu fyrirtækisins í Skarfagörðum við Sundahöfn í Reykjavík. Geymslunni er ætlað að hýsa veiðarfæri sem geymd eru við hús Hampiðjunnar á milli vertíða en eru ekki í hennar eigu. Um er að ræða loðnu- og sildarnætur ásamt flottrollum. Veiðarfærin eru afar fyrirferðarmikil og verði geymslan að veruleika er ásynd hafnarinnar sögð breytast til batnaðar og útsýni farþega skemmtiferðaskipa sem koma í Sundahöfn að sama skapi batna til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Starfsfólki OR fjölgað um þriðjung

Eftir umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir Orkuveitu Reykjavíkur árin 2011-2016 hefur föstum starfsmönnum fjölgað um 32 prósent. Orkuveitan segir auknar fjárfestingar skýra það. Oddviti Sjálfstæðisflokksins telur þróunina benda til þess að báknið sé að blása út.

STJÓRNSÝSLA Árið 2011 var fjárhagsvandi Orkuveitu Reykjavíkur ærinn. Tekist var á við vandamálið með metnaðarfullri hagræðingaráætlun til fimm ára sem gekk undir nafninu Planið. Meðal annars setti fyrirtækið sér það markmið að fækka starfsmönnum um 90. Það tókst á aðeins rúmu ári þegar starfsmönnum fækkaði úr 517 í 420 árið 2013.

Síðan þá hefur þróunin snúist við og í dag eru starfsmenn samstæðunnar 553. Það er fjölgun um 32 prósent frá árinu 2013.

„Eðli báknins virðist vera að blása út, sem er áhyggjuefni fyrir skattgreiðendur. Höfuðborgarbúar þurftu að setta sig við auknar álögur til þess að snúa við rekstri OR á sínum tíma. Við höfum talað fyrir því að bætt rekstrarniðurstaða skili sér í lægri gjöldum en það hefur ekki gengið eftir,“ segir Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni.

Í svari Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa OR, kemur fram að flestum fjárfestingum



Við höfum talað fyrir því að bætt rekstrarniðurstaða skili sér í lægri gjöldum en það hefur ekki gengið eftir.

Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni




samstæðunnar hafi verið frestað á árunum 2010-2012. Starfsmannafjöldi var lagaður að því en vitað var að þeim myndi fjölga þegar samfélagið rétti úr kútnum. Hafa beri í huga að beint samhengi sé á milli starfsmannafjölda OR og fjárfestinga fyrirtækisins auk umsvifa í samfélaginu almennt. „Samhengið þarna á milli er beint vegna þess að okkur ber skylda til að tengja nýtt húsnæði og ný hverfi veitu-kerfunum þegar eftir því er kallað,“ segir Eiríkur.

Að hans sögn virðist heilt yfir vera að hægja á og þess vegna sé starfsfólki þegar farið að fækka hjá samstæðunni.

Rétt sé þó að benda á að langstærstur hluti fjárfestinga OR, hvort sem um er að ræða nýfjárfestingu eða viðhald, sé af slíkri stærðargráðu að verkin eru boðin út og unnin af verktakafyrirtækjum. Verkefnum sé þó gjarnan verkstýrt af starfsmönnum OR og það skýri fjölgun fastra starfsmanna á uppgangstímum. – bp

Krónan er með í þjóðprífum!

Veður



Heldur hægari vindur í dag, áfram líkur á eljum norðan til á landinu og einnig við suðausturströndina. Frost 3 til 13 stig.

SJÁ SÍÐU 16

Verkfallsvarsla hefst í dag

KJARAMÁL Tveggja og hálf dags verkfall starfsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg hófst á hádegis í gær, með tilheyrandi röskun, og stendur yfir til miðnættis á fimmtudag. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir að verkfallsvarsla hefst í dag og verði sambærileg við síðasta fimmtudag. En þá var farið í hópum og 116 staðir heimsóttir. „Ég hef ekki heyrt annað en að allt hafi gengið vel,“ segir hún.

● ● Ég hef ekki heyrt annað en að allt hafi gengið vel.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar



Sólveig segist finna fyrir miklum stuðningi við aðgerðirnar, til að mynda hjá öðru starfsfólki á vinnustöðunum, sem er ekki sjálft í verkfalli. „Fólk gerir sér grein fyrir að það er ekki hægt að lifa af þessum launum og álagið er mikið.“ Vísar hún til dæmis í launaseðil starfsmanns sem birtur var á samfélagsmiðlum, 249 þúsund krónur útborgaðar.

Ríkissáttasemjari hefur ekki enn boðað til fundar og Sólveig segist bíða eftir fundarboðinu. Eftir síðasta fund, á föstudag, hafi hún sagt að kröfurnar væru skýrar og ekki tæki því að sóa tímanum. Félagið þyrfti að sjá breytingu til að hægt væri að ræða málin af fullri alvöru.

Að öllu óbreyttu hefst ótímabundið verkfall á mánudag. Aðspurð um hvort til greina komi að fresta aðgerðum ef alvara færist í viðræður segir Sólveig ekki tímabært að velja því fyrir sér. „Við höfum ekki verið beðin um það,“ segir hún. – khg

Guðrún Pétursdóttir heiðruð



Guðrún Pétursdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, hlaut í gær heiðursviðurkenningu Félags háskólakvenna. Viðurkenninguna hlaut Guðrún fyrir framlag sitt til rannsókna og vísinda og fyrir að vera einstök fyrirmynd og brautryðjandi. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti viðurkenninguna í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu við mikinn fögnuð viðstaddra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Skráningum félaga fækkaði á síðasta ári

SAMFÉLAG Alls voru nýskráð 3.186 fyrirtæki og félög á síðastliðnu ári. Það er heldur færra en var árið á undan þegar 3.324 fyrirtæki og félög voru skráð. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofunni.

Flestar þessara skráninga í fyrra eru einkahlutafélög eða 2.199. Næst á eftir koma félagasamtök en nýskráð voru þau í fyrra 356. Þá voru nýskráningar húsfélaga 276.

Alls eru tæplega 39 þúsund einkahlutafélög skráð hér á landi, tæplega 15 þúsund félagasamtök af ýmsu tagi og rúmlega ellefu þúsund húsfélög. Þá voru aðeins þrjú almenn hlutafélög skráð hér á landi í fyrra og voru þá við árslok skráð tæplega 590.

Fram kemur á vef Hagstofunnar að ekkert opinbert hlutafélag hafi verið nýskráð í fyrra en nú eru þau samtals fimmtán skráð. – jþ

Hundaeigendur spyrja hvert milljarðurinn fór

Félag ábyrgra hundaeigenda stendur fyrir málþingi á laugardag um hundahald næsta áratugar. Er því ætlað að koma á samtali milli hundaeigenda og stjórnmalamanna. Einungis átta sveitafélög hafa svarað fyrirspurn félagsins.

GÆLUDÝR Stærstu sveitarfélög landsins innheimtu á árunum 2007 til 2019 rúman milljarð króna á verðlagi ársins 2019 í hundaeftirlitsgjald. Þetta sýna tölur sem Félag ábyrgra hundaeigenda hafa tekið saman.

Nú hafa fulltrúar allra flokka í borgarstjórn Reykjavíkur, nema Sósíalistaflokksins, boðað komu sína á málþingið sem fer fram á laugardaginn klukkan 11-13 á skrifstofu Nordic Vistor, Bildshöfða 20.

Freyja Kristinsdóttir, formaður félagsins, segir að spurningar hafi verið sendar á 29 sveitarfélög um fyrirkomulag hundaeftirlits og kostnað. Svör hafa borist frá átta sveitarfélögum.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hefur kvörtunum til hundaeftirlits fækkað umtalsvert á síðustu árum. Það sama gildir um fjölda hunda sem vistaðir eru í geymslu og fjölda lausra hunda sem eru tilkynntir. Samt sem áður hefur rekstrarkostnaður við eftirlitið aukist.

Freyja bendir á að samkvæmt lögum megi ekki nýta fjármuni sem innheimtir eru af hundaeigendum í annað en kostnað við hundaeftirlit. „Það er ekki hægt að sjá að það fari svona mikill tími í hundaeftirlitið miðað við þær tölur sem við sjáum yfir verkefnin. Hundasamfélagið hefur til dæmis í raun tekið við þessu hlutverki að koma týndum hundum heim. Í rauninni er enginn tilgangur með hundaeftirlitinu að okkar mati.“

Á málþinginu verður einnig rætt um hundahald og skipulagsmál. „Í borgarskipulagi er aldrei í rauninni minnst á hundahald eða hvar eigi að hafa hundasvæði þegar verið er að skipuleggja eitthvað nýtt,“ segir Freyja.



Á málþinginu sem haldið er á laugardaginn næstkomandi verður frum-sýnd heimildarmynd um sögu hundahalds á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

● ● Í rauninni er enginn tilgangur með hundaeftirlitinu að okkar mati.

Freyja Kristinsdóttir, formaður Félags ábyrgra hundaeigenda



Hún gagnrýnir að samkvæmt áætlunum um Borgarlínu muni hún skera hundasvæðið á Geirsnefi í sundur.

„Þegar maður skoðar svona hundasvæði og hundagerði í borgum erlendis þá eru þau miklu fleiri og stærri. Hér er viðhorfið að þau verði að vera úr alfaraleið og það má helst ekki sjá í þau.“

Annað vandamál sé hversu mikið flækjustig sé í regluverkinu í sambandi við hundahald. Hundasam-

þykktir sveitarfélaganna stangist oft á við landslög, til dæmis lög um velferð dýra.

Miðað við svör sveitarfélaganna voru á árunum 2000-2016 minnst fimm hundar aflifaðir á vegum hundaeftirlits. „Það sem er verst í þessu er að það sé yfirhöfuð kannski verið að aflifa heilbrigða hunda í stað þess að koma þeim til Dyrá-hjálpar.“

Þar fyrir utan séu dæmi um hótanir sveitarfélaganna. Dæmi um slíkt sé frá 2018 í sveitarfélaginu Árborg. Þar týndist hundur sem var svo tekinn af hundaeftirlitinu.

„Eigandinn fékk þau skilaboð að ef hundurinn yrði tekinn í þriðja sinn yrði hann aflifaður án þess að eigandinn yrði látinn vita. Það eru engin lög eða reglur sem styðja þetta. Við höfum heyrt fleiri segja frá þessu. Það er fyrir neðan allar hellur að koma með svona hótanir.“

sighvatur@frettabladid.is

Aldrei meira úrval af öskudagsbúningum

Finndu okkur á

Facebook Instagram

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Útsala

20% afsláttur af öllum skíða- og brettapökkum

Gönguskíðafatnaður 30–70%

Skíðafatnaður 30–70%

Snjóflóðabúnaður 20%

Klifurbúnaður 30%

Gönguskór 30–50%

Svefnpokar 30%

Bakpokar 30–50%



MAMMUT
SWISS 1862



ziener
GLOVES | SKIWEAR | BIKEWEAR



Skeifunni 6 • www.everest.is



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Skrifar söngleikinn Góðan daginn faggi um eigin skápa-sögu Leikarinn Bjarni Snæbjörns-son setur upp sviðsverk byggt á eigin reynslu af fordómum og uppgjöri við uppvaxtarár sín.

2 „Það er eins og fólk haldi að við séum í einhverjum leik“ Formaður Eflingar segist ekki vera bjartsýnn á að samningar náist við Reykjavíkurborg áður en ótímabundið verkfall félagsmanna hefst í næstu viku.

3 Tvenn ummæli Arnþrúðar um Reyni dæmd dauð og ómerk Tvö ummæla Arnþrúðar Karlsdóttur, útvarpsstjóra á Útvarpi Sögu, um Reyni Traustason, fyrrverandi ritstjóra DV og stjórnarformann Stundarinnar, voru dæmd dauð og ómerk í héraðsdómi.

4 Starfsmenn Kviku geta komið með leikskólabörn í vinnuna Kvika banki býður starfsfólki sínu að koma með börn á vinnustaðinn á meðan á verkfallsaðgerðum Eflingar stendur.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Krefjast alls 4,2 milljarða bóta

GEIRFINNSMÁL Kröfur Guðjóns Skarphéðinssonar, Kristjáns Viðars Júlíussonar og aðstandenda Tryggva Rúnars Leifssonar á hendur ríkinu um frekari bætur vegna Guðmundar- og Geirfinns-mála nema samtals 4,2 milljörðum króna en þegar hafa verið greiddar 774 milljónir í bætur til þeirra sem sýknaðir voru af aðild að málunum í fyrra. Bæturnar sem greiddar voru út á grundvelli nýrra laga í síðasta mánuði koma til frádráttar þeim bótum sem dæmdar kunnu að vera.

Ekki liggur fyrir hvort Albert Klahn Skaftason muni stefna ríkinu til greiðslu frekari bóta en hann fékk 15 milljónir í bætur á grundvelli laganna. Aðstandendur Sævars Marinós Ciesielski hafa fengið alls 239 milljónir í bætur og hafa heldur ekki stefnt ríkinu til greiðslu frekari bóta. – **aa**

Rannsókn vinnumansals á Akureyri á lokametrum

LÖGREGLUMÁL Fimm erlendir ríkisborgarar sem unnu við Hafnarstræti 26 á Akureyri í fyrra voru án dvalar- og atvinnuleyfis og voru sendir úr landi. Þetta kemur fram í Svari Bergs Jónssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í blaðinu í gær var fjallað um mál Bosniumanns sem kom til Akureyrar í febrúar í fyrra til að

vinna í byggingarvinnu og taldi sig vera starfsmann félagsins H-26 ehf. Hann lærbrotnaði í vinnuslysi eftir sjö vikna starf. Daginn eftir að hann útskrifaðist af sjúkrahúsinu á Akureyri var honum ekið suður á Keflavíkurflugvöll þáðan sem hann flaug úr landi. Hann hefur verið óvinnufær síðan en hann var ekki með atvinnuleyfi hér á landi. Hann hafði aðeins fengið 165 þúsund

» Fimm erlendir verkamenn voru án atvinnuleyfa og voru sendir úr landi.

krónur í laun og frá þeim launum voru dregnar um 40 þúsund krónur vegna flugfarsins til landsins. Hann hefur óskað eftir gjafsókn frá ríkinu til að geta höfðað mál gegn félaginu

til heimtingar bóta vegna slyssins og vangoldinna launa.

Í svari lögreglunnar við fyrirspurn blaðsins segir að þeir erlendu starfsmenn, sem unnu við Hafnarstræti 26 á Akureyri og voru sendir úr landi, hafi verið starfsmenn undirverktaka H-26. Rannsókn á þessum mansalsþætti málsins sé á lokametrunum og málið verði að henni lokinni sent ákærusviði til meðferðar. – **aa**

Spennt að tína rusl úr fjörum

Hreinsunarátakið Clean Up Iceland fær jákvæðar viðtökur víða um land að sögn forsvarsmanns. Segja má að farþegar svokallaðra leiðangursskipa borgi fyrir að láta gott af sér leiða með því að hreinsa fjörur.

UMHVERFISMÁL „Flestir sem við höfðum samband við eru spenntir,“ segir Gyða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri North Atlantic Agency, sem leiðir verkefnið Clean Up Iceland sem felur í sér fjöruhreinsun farþega af minni skemmtiferðaskipum hér við land.

Gyða segir hugmyndina komna frá Svalbarða þar sem Arctic Expedition Cruise Operators, samtök fyrir útgerðir leiðangursskipa, hafa í tvo áratugi siglt með farþega í land á gúmmibátum og þeir tint rusl í poka sem síðan er fargað.

„Fólkið um borð í leiðangurskipunum hefur mikinn áhuga á að taka þátt í hreinsunum. Þarna eru líka tækifæri til að komast í snertingu við náttúruna á annan hátt og kannski komast á staði sem eru ekki hefðbundnir áfangastaðir fyrir ferðamenn,“ segir Gyða.

North Atlantic Agency, NAA, eru samtök umboðsfyrirtækja fyrir skemmtiferðaskip á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Auk NAA og AECO sem áður er nefnt er Clean Up Iceland verkefnið unnið í samstarfi við Cruise Iceland, sem eru samtök ýmissa hafna á Íslandi, og Bláa herinn. Gyða segir Tómas Knútsson, stofnanda Bláa hersins, vera helsta ráðgjafann og þangað eigi allir peningar sem safnist frá styrktaraðilum að renna.

„Við viljum nýta þennan áhuga á íslenskt náttúru til að hreinsa fjörur sem ekki er hægt að komast að á bíl og verða ekki hreinsaðar annars,“ segir Gyða. Hún undirstrikar að farþegar á svokölluðum leiðangursskipum skeri sig úr frá farþegum stóru farþegaskipanna.

„Það eru náttúruunnendur sem eru að fara í þessar ferðir og eru í raun að borga fyrir að komast í land og tína rusl – eins fíranlegt og það virðist,“ segir Gyða sem tekur þó fram að farþegarnir þurfi



Farþegar af skemmtiferðaskipi létu hendur stendur fram úr ermum í Reykjarfirði. MYND/STEINUNN RAGNARSDÓTTIR

reyndar ekki að kaupa sérstaklega ferð í land til að hreinsa fjörur. Útgerðir skipanna og önnur fyrir- tæki styrki verkefnið.

Leitað hefur verið til hafnar- stjórna og sveitarstjórna um sam- starf. Í Fjarðabyggð reyndist ekki áhugi fyrir að fá hreinsunarfólk í land eins og kom fram í Fréttablaði- nu í gær. Gyða segir að hins vegar hafi fengist jákvæðar undirtektir á ýmsum öðrum stöðum. Það eigi

●● Þarna eru líka tækifæri til að komast í snertingu við náttúruna á annan hátt.

Gyða Guðmundsdóttir, framkvæmda- stjóri



til dæmis við um Skagafjörð, Hjalteyri í Eyjafirði og Reykjarfjörð á Hornströndum þar sem farþegar hjá Hurtigruten sigldu einmitt í land í fyrrasumar til að hreinsa fjörur.

„Það er bara aðallega spurt hvort við séum virkilega að spyrja hvort fólk megi koma í land að tína rusl hjá þeim,“ lýsir Gyða viðtökunum sem Clean Up Iceland hefur fengið. gar@frettabladid.is

Stofnun múslima stækkar hratt

TRÚMÁL Fjórðungsfjölgun er á aðeins tveimur mánuðum í trúfélaginu Stofnun múslima á Íslandi. Félagar voru 251 í desember síðastliðnum en 311 við síðustu mánaðamót samkvæmt tölum Þjóðskrár. Hér er ekki um tilfærslu innan trúfélaga múslima að ræða því að fjöldi í hinum tveimur félögunum, Félagi múslima og Menningarsetri múslima, hreyfist lítið.

Árið 2016 kom upp ágreiningur um hvort Stofnun múslima væri trúfélag. Reykjavíkurborg gaf út yfirlýsingu þess efnis en dró hana síðan til baka eftir kröfu um útskýringar frá Ahmad Sedeeq, leiðtoga Menningarsetursins. Karim Askari, framkvæmdastjóri Stofnunar múslima, sagði þó að félagið hefði alltaf verið trúfélag. Deilur og málaferli hafa verið á milli félaganna um leigugjöld en Menningarsetrið hefur haft aðstöðu í húsi Stofnunarinnar í Ýmishúsinu. Árið 2018 var Stofnunin skráð sem trúfélag hjá Þjóðskrár.



2016 kom upp ágreiningur um hvort félagið væri trúfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Meðlimum Siðmenntar hefur fjölgað um 94 síðan í desember. Borgaralegar fermingar hafa notið aukinna vinsælda á undanföllum árum en skráning í Siðmennt er þó ekki skilyrði. Meðlimum í Ásatrúarfélaginu fjölgaði um 73 á umræddu

tímabili. Zúistum fer hins vegar hratt fækkandi, en eins og greint hefur verið frá var ríkið nýlega sýknað af kröfum félagsins um að fá greidd út sóknargjöld. Meðlimum félagsins fækkaði um 83 eða 6,6 prósent. – **kng**

VELDU GÆÐI!

.....

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

BJORNBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Bernie Sanders er spáð sigri

BANDARÍKIN Forval Demókrata-flokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum fór fram í New Hampshire í gær. Niðurstöður lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun en Bernie Sanders hefur verið spáð sigri í könnunum.

Fast á hæla Sander kemur Pete Buttigieg sem bar sigur út býtum í forkosningunum í Iowa, Elizabeth Warren er í þriðja sæti og á eftir henni kemur Joe Biden. Amy Klobuchar rekur síðan lestina.



Bernie Sanders

Samkvæmt upplýsingum á vef dagblaðsins The New York Times mátti búast við lokaniðurstöðum forvalsins í New Hampshire klukkan hálf þrjú í nótt að íslenskum tíma. Illa gekk að telja atkvæði í forvalinu í Iowa sem fram fór þann 3. febrúar þar sem notast var við nýtt snjallforrit sem brást. – bdj



Mikill vindhraði og ofankoma hefur verið í Bretlandi síðastliðna daga.

Átta látnir af völdum Ciara

EVROPA Átta manns hafa látið lífið í Evrópu af völdum stormsins Ciara sem gengið hefur yfir álfuna síðustu daga. Í Póllandi létust kona og dætur hennar tvær þegar vindurinn reif þak af skiðaleigu og lenti það á mæðgunum. Í Bretlandi lést 58 ára karlmaður þegar tré féll á bíl hans á sunnudag.

Karlmaður lést í suðurhluta Svíþjóðar þegar bát hans hvolfdi og annars manns sem var um borð í bátinum er saknað. Þá hafa tveir látist í bílum sínum, einn í Þýskalandi og annar í Slóveníu.

Vindhraði á frönsku eyjunni Korsiku fór upp í rúma 60 metra á sekúndu á mánudag og hafði það mikil áhrif á flugsamgöngur til og frá eyjunni. Á Norður-Ítalíu mældist vindur 55 metrar á sekúndu og þar lést 71 ára kona þegar járnplata f auk á hana.

Áhrifa stormsins gætir víða í Evrópu en loka þurfti bæði skólum og almenningsamgöngum í Belgíu, Þýskalandi, Lúxemborg og Hollandi ásamt því að þar hefur flug raskast og miklar umferðarteppur myndast. Mjög hvasst er einnig í Danmörku og Tékklandi.

Einn ljósan punkt má finna í hörmungunum sem fylgja storminum því að vindmyllur í Þýskalandi hafa slegið met í rafmagnsframleiðslu og framleitt rafmagn á við 44 kjarnorkuver á einungis nokkrum dögum. – bdj

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning það kostar ekkert.

Verjast veirunni í matvöruverslun



Í Shenyang-borg í Liaoning-héraði Kína klæðist afgreiðslufólk stórmarkaðar grínum og hlífðarfatnaði til að verjast kórónaveirusýkingu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sagði í gær faraldurinn vera „mjög alvarlega alþjóðaógn“. Meira en 1.000 eru látnir vegna veirunnar sem fengið hefur nafnið Covid-19. Í gær höfðu um 43 þúsund manns smitast í Kína, en 450 í öðrum 27 ríkjum. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Vinstribandalag Sinn Féin um ríkisstjórnarsamstarf ólíklegt

Mary Lou McDonald, leiðtogi Sinn Féin, sem vann stórsigur í írsku þingkosningunum um helgina reynir nú að mynda bandalag vinstri flokka og óháðra um ríkisstjórnarsamstarf. Líklegra er þó talið að að minnsta kosti annar af hægri flokkunum muni þurfa að koma að ríkisstjórnarsamstarfi með Sinn Féin.

ÍRLAND Mary Lou McDonald, leiðtogi Sinn Féin, reynir nú að mynda bandalag ýmissa vinstri flokka og óháðra um ríkisstjórnarsamstarf. Sinn Féin var sigurvegari kosninganna, hlaut flest atkvæði og 37 þingsæti, sem er þó einu minna en hægri flokkurinn Fianna Fáil fékk. Hinir hefðbundnu stjórnarflokkar, Fianna Fáil og Fine Gael, geta ekki myndað meirihluta og hafa báðir hafnað samstarfi við Sinn Féin. Sumir telja þó hugsanlegt að Fianna Fáil gæti fallist á að verja minnihlutastjórn Sinn Féin falli.

Ljóst er að McDonald biður mjög erfitt verkefni. Vinstri flokkarnir eru margir, með ólíkar áherslur og hafa einungis 68 þingsæti samanlagt. En 81 þarf til að mynda starfhæfan meirihluta. Ef draumur McDonald um vinstribandalag á að ganga eftir mun hún þurfa að leita til óháðra þingmanna og sannfæra að minnsta kosti 13 af 19 um að styðja stjórnina.

Margt gæti gerst á komandi vikum í írskum stjórnmálum. Stjórnarmyndun mun að öllum líkindum taka þó nokkurn tíma. Þá eru Micheal Martin, formaður Fianna Fáil, og Leo Vardakar, forsætisráðherra og formaður Fine Gael, taldir valtir í sessi eftir kosningaósigurinn um helgina.

Framámenn í stjórnarflokknum Fine Gael eru á báðum áttum um hvort Vardakar ætti að sitja áfram eður ei. Vinsældir hans hafa hrpað frá árinu 2017 þegar hann tók við forystunni, sérstaklega vegna hús-næðismála. Vardakar virðist óhagganlegur í þeirri afstöðu að starfa ekki með Sinn Féin, vegna gamalla tenginga við Írsku lýðveldisherinn (IRA).



McDonald tók við forystu í Sinn Féin af hinum þekktu Gerry Adams árið 2018. Flokkurinn sem fyrrum var stjórnarmármur Írsku lýðveldishersins (IRA), vill nú leiða ríkisstjórnarsamstarf vinstri flokka á Írlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Þessar tengingar létu einmitt á sér kræla eftir að fyrstu tölur kosninganna lágu fyrir. Þá náðist þingmaðurinn David Cullinane á myndband kalla gamalt heróp skæruliðahreyfingarinnar: „Up the Ra!“ Bæði Cullinane sjálfur og McDonald hafa reynt að gera lítið úr atvikinu og sagt það hluta af fortíðinni, ekki þeirri framtíð sem flokkurinn vill standa fyrir.

Martin hefur tekið í sama streng og Vardakar, en eftir að úrslitin lágu fyrir sagðist hann heldur ekki vilja vinna með Fine Gael. Kosningaúrslitin væru þess eðlis að flokkurinn ætti að safna kröftum í stjórnarand-



Aðrar kosningar myndu skaða Írland.

Brendan Howlin, leiðtogi Verkamannaflokksins

stöðu. Síðan þá hefur Martin hins vegar linast í afstöðunni og ekki útilokað samstarf við Sinn Féin eða Fine Gael.

Ef Fianna Fáil og Fine Gael reyna að mynda meirihluta á nýjan leik, eins og þeir hafa oftast gert á síðustu áratugum, þurfa þeir að sækja átta

þingmenn annars staðar frá. Yrðu þeir þá að koma úr hópi óháðra.

Brendan Howlin, leiðtogi Verkamannaflokksins sem fékk sex þingsæti, er ekki bjartsýnn á vinstribandalagið sem McDonald vill stofna til. „Að lokum verður raunin að Fianna Fáil og Fine Gael vinna saman, eða Sinn Féin með öðrum hvorum af þeim sem ég tel að verði raunin. Þetta eru einu raunverulegu möguleikarnir til að halda stöðugleika. Aðrar kosningar myndu skaða Írland,“ sagði hann. Leiðtogar og þingmenn annarra vinstri flokka hafa tekið í sama streng.

kristinnhaukur@frettabladid.is

+PLÚS



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, með stuðningsmönnum á kosningafundi í Manchester-borg í New Hampshire-fylki í Bandaríkjunum. Í gær fóru fram forkosningar í fylkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Veðrahamur hefur gengið yfir Evrópu síðustu daga. Hér vaða íbúar eftir götum bæjarins Hebden Bridge sem er í Vestur-Jórþvikurskiri á Englandi. Óveðrið raskaði víða samgöngum í lofti, á láði og á sjó. NORDICPHOTOS/AFP



Pessa vikuna hafa stórstjörnur og áhrifavaldar flykkst til New York-borgar í Bandaríkjunum vegna tiskuvíkkunnar sem haldin er í febrúar og september ár hvert. Hér eru gestir fyrir utan Spring Studios í borginni. NORDICPHOTOS/AFP



Sýrlenskir bardagamenn sem njóta stuðnings Tyrklands söfnuðust saman í gær í bænum Sarmin, suðaustur af borginni Idlib í Sýrlandi. Ekkert lát virðist á stríðsátökum í Sýrlandi. Sameinuðu þjóðirnar segja að frá því í desember hafi um sjö hundruð þúsund manns flúið heimili sín í norðvesturhluta Sýrlands. NORDICPHOTOS/AFP



Frü Pat Provencher, 89 ára, frá smábænum New Hampton í New Hampshire-fylki, er mikil stuðningskona Demókrataflokksins. Hér biður hún eftir framboðsræðu frambjóðandans Petes Buttigieg. NORDICPHOTOS/AFP

Meira öskudags



Viddi

4.999 kr/stk



Frozen Ólafur

5.999 kr/stk



Hvolpasveitin

4.999 kr/stk



Bósi Ljósár

4.999 kr/stk



Spiderman

1.499 kr/stk



Frozen Elsa

4.999 kr/stk



Kapteinn Ameríka

5.999 kr/stk

HAGKAUP

SKOÐUN

Æðsta dyggðin



Sunna Karen
Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Á hverju er ekki nóg bara að vera? Þessari áleitnu spurningu velti tónlistarmaðurinn Jónas Sig upp í þættinum Okkar á milli á RÚV fyrir helgi, þegar lesskilningur ungra drengja var til umræðu, og sú staðreynd að um þriðjungur íslenskra drengja nær ekki grunnhæfniviðmiðum við skólagöngu.

Minnkandi lesskilningur íslenskra barna hefur lengi verið áhyggjuefni. Jónas lítur málið öðrum augum og telur að of mikið sé gert úr lestrargetu barna. Hlutirnir séu ekki alltaf svartir og hvítir. Hann benti í því samhengi á þörf samfélagsins til að steypa alla í sama mót og að þeim sem standi fyrir utan hið hefðbundna mæti fát annað en skilningsleysi, séu jafnvel kallaðir gagnslausir. Þá benti hann á að skólakerfið sýndi lesblindum of litla athygli, sem væru mikil mistök.

„Við vitum að lesblinda er í raun bara vangeta til að taka inn línuleg gögn. Þeir sem eru lesblindir eru oft stórkostlegir í að taka inn þrívídd,“ sagði Jónas og nefndi dæmi um að lesblindir ættu jafnan auðvelt með að vinna á vélar og gangverk – á meðan þeir sem betri eru með orð og tölur eigi oft erfitt með það.

Það er vissulega áhyggjuefni þegar börnum fer aftur í skóla en það er líka áhyggjuefni þegar viðmótið er þannig að fólk sé kallað gagnslaut. Þegar illa gengur þarf að huga að því sem betur má fara og sleppa gifuryrðunum. Það er staðreynd að börn lesa minna af bókum en þau lesa hins vegar miklu meira af öllum heimsins fróðleik á netinu. Börn eru miklu upplýstari en áður og sum hver nánast orðin tvítýngd áður en þau hefja skólagöngu. Sú þróun er ekki neikvæð. Það er hins vegar augljóst að skólakerfið hefur ekki fylgt þróun samtímans.

Sem dæmi er hægt að nefna þá miklu áherslu sem lögð er á hraðlestur barna. Lesfimi er raunar það orð sem notað er yfir hraðlestur í skólum og samkvæmt svokölluðum lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunar er gert ráð fyrir að 13 ára börn geti lesið allt að 210 orð á mínútu, villulaust og upphátt. Krafa um slíkan hraðlestur ætti að þykja fullkomlega fráleit enda þarf fólk að búa yfir sérstökum hæfileikum til að geta uppfyllt þessi viðmið. Það er mikilvægara að skilja en að klára lesturinn á methræða, og hér virðist skólakerfið aðeins reyna að leggja stein í götu nemenda sinna þegar hlutverk þess á að vera það sem Jónas bendir á: að yta undir styrkleika þeirra.

„Við höldum að við séum með umburðarlynt kerfi þar sem er pláss fyrir alla. En spurðu eitthvert barn í grunnskóla: Hvað átt þú að verða þegar þú ert orðin/n stór? Og það er rosalega sterk undiralda að þú verðir að verða eitthvað, þú verðir að gera eitthvað. Af hverju er ekki nóg bara að vera? Elskandi einstaklingur í samfélagi og standa með öðrum, hjálpa fólki ef þú getur. Er það ekki æðsta dyggðin?“ sagði Jónas í viðtalinu og undirstrikaði þannig mikilvægi þess að vinna hlutina með mannúðina að leiðarljósi. Sem er nákvæmlega það sem skiptir máli þegar kemur að börnum.

Að því sögðu væri áhugavert að sjá menntamálaráðherra þreyta fyrrnefnt lesfimiþróf Menntamálastofnunar.



Börn eru miklu upplýstari en áður og sum hver nánast orðin tvítýngd áður en þau hefja skólagöngu.

Halldór



Frá degi til dags


Í ólgusjó

Á meðan Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, virðist á talsverðu pólitisku flugi verður það sama ekki sagt um Lilju Alfreðsdóttur. Skýringarinnar gæti verið að leita í hversu uppþekin hún hefur verið í ólgu og átökum menntamálaráðuneytisins. Þar er Lilja sögð hafa verið í slag við stóran hóp stjórnenda og starfsmanna ráðuneytisins sem ekki hafa þótt nægilega fylgispakir. Þeirra ráð hafa verið „að biða ráðherrann af sér“. Í nóvember losaði Lilja sig við ráðuneytisstjórnann og í staðinn kom Framsóknarmaðurinn Páll Magnússon. Um helgina var svo auglýst eftir nýjum skrifstofustjórum og gæðastjóra. Nýjum mannaudsstóra er einnig ætlað stórt hlutverk í ólgusjó Stjórnarráðsins.

Öllu velt við

Lilja fékk síðan ráðgjafa frá Capacent í úttekni á öllum ráðuneytinu, þar sem „öllum steinum hefur verið velt við“. Þar á meðal annars að skoða „vinnulag, skipulag, fyrirtækjamenningu og viðhorf stofnana sem heyrja undir ráðuneytið...“ Í byrjun ársins var sagt að úttekni ætti að klárast á næstu vikum. Ekkert heyrir enn en allir pólitískir áhugamenn biða spennir fréttu frá gamla Sambandshúsinu við Sölvhólsgötu. kristinnhaukur@frettabladid.is

Afnemum ósanngjarnar skerðingar strax!



Sigurjón
Arnórsson
framkvæmdastjóri
Flokks fólksins

Í lok desember 2018 samþykktu allir flokkar Alþingis þingmál Flokks fólksins um breytingar á lögum um tekjuskatt sem fellir niður skerðingar á styrkjum sem öryrkjar og lífeyrisþegar fá til að standa straum af kostnaði við útgjöld sem þeir hafa vegna veikinda.

Þetta var fyrsta þingmál Flokks fólksins sem fékk fulla þinglega meðferð og með þessu tryggðum við að hætt yrði að telja styrki til tækjakaupa, lyfjakaupa og bensinstyrki til tekna með tilheyrandi sköttum og skerðingum. Þessi breyting sparar 6.000 öryrkjum og eldri borgurum að meðaltali um 120.000 kr. á ári.

Í júlí 2019 vann Flokkur fólksins mál fyrir hönd elli-lífeyrisþega, þar sem Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði brotið gegn eldri borgurum með því að skerða greiðslur með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf. Niðurstöðan í þessu máli varð til þess að ríkið greiddi 29.000 eldri borgurum um sjö milljarða króna.


Í lok síðasta löggjafarþings féllust allir flokkar á þingsályktunartillögu Flokks fólksins sem fól félags- og barnamálaráðherra að sannreyna áður framkomna kostnaðargreiningu FEB (Félag eldri borgara) um að samfélagið í heild sinni myndi hagnast á því að afnema skerðingar vegna launatekna aldraðra. Ráðherra hefur nú skipað óháðan starfshóp til að skera úr um málið.

Flokkur fólksins hefur nú tvisvar lagt fram frumvarp sem felur í sér hækkun á fritekjumarki lífeyristekna úr núverandi 25.000 kr. í 100.000 kr. á mánuði. Þrátt fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki sýnt þessu máli áhuga þá munu þeir finna fyrir auknum þrýstingi. Kjaranefnd Landssambands eldri borgara og Félag eldri borgara í Reykjavík hafa ályktað um málið og Grái herinn hyggst höfða mál gegn íslenska ríkinu vegna skerðinga á greiðslum lífeyris. Fólk er þvingað til að greiða í lífeyrissjóði hvort sem því líkar betur eða verr. Því er talin trú um að þessir peningar séu sparifé þess. Síðan kemur ríkið með krumluna og hrifsar bróðurpartinn til sín í formi skerðinga og skattheimtu. Baráttan gegn óréttlátum skerðingum og skattheimtu er hafin og með ykkar stuðningi munum við sigra.



Baráttan gegn óréttlátum skerðingum og skattheimtu er hafin.





Þjóðum upp á sjálfvirkna hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.



Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarnghler.is

Fjölgun á hneykslunarhellunni



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður Viðreisnar

Trump Bandaríkjaforseti hneykslast meir en flestir á falsfréttum. Forystumenn Miðflokksins eru stundum gáttaðir á lýðskrumi. Í síðustu viku tylltu þingmenn Sjálfstæðisflokksins sér þægilega á þessa hneykslunarhellu. En ekki endilega óvænt.

Tílefnið var beiðni okkar um að sjávarútvegsráðherra skilaði skýrslu til Alþingis um sam-
burð á heildargreiðslum Samherja í Namibíu fyrir tímabundinn veiðirétt og síðan veiðigjaldi samkvæmt íslenskum lögum. Ég hefði ætlað að í flestra augum væri athugun

af þessu tagi sjálfsögd upplýsinga-
öflun í þágu þeirra sem eiga auð-
lindina.

Upplýsingar eru grundvöllur rökræðu

Í gegnum tíðina hafa stjórnvöld gert sam-
burð á greiðslum fyrir veiðirétt í ýmsum löndum. Þetta hafa menn gert þótt aðstæður væru mis-
munandi frá einu landi til annars. Af sjálfu hefur leitt að menn hafa dregið mismunandi ályktanir af slíkum upplýsingum. En fram til þessa hefur engum dottið í hug að halda því fram að upplýsingarnar einar og sér væru lýðskrum.

Upplýsingar eru grundvöllur rökræðu. Umræðan um þær getur verið misjafnlega málefnaleg. Og eðlilega geta menn dregið ólíkar ályktanir af sömu upplýsingum eftir stjórnmálaskoðunum. Það er bara umræða sem þarf að standast próf kjósenda.

Í þessu tilviki vill svo til að Rík-

isútvarpið birtir upplýsingar um greiðslur íslensks fyrirtækis fyrir veiðirétt í öðru fjarlægum landi. Íslensk löggjöf verndar upplýsingabirtingu af þessu tagi vegna almannahagsmuna. Um leið eru það almannahagsmunir að slíkar upplýsingar séu nýttar. Réttarvörslukerfið gerir það fyrir sitt leyti. En stjórnmálin sem bera höfuð-
ábyrgð á löggjöfinni og rammanum er varðar fiskveiðistjórnunarkerfið verða einnig að gera það um þau atriði sem að þeim snúa. Taka upplýsingarnar og nýta í þágu almanna-
hagsmuna. Annað væri ábyrgðarleysi, nú eða sérhagsmunagæsla. En varla lýðskrum.

Stærsta ágreiningsefnið

Það er ekki bara upphæð veiðigjalda sem áhugavert er að bera saman. Í þessu tilviki er ekki síður forvitni-
legt að leiða fram hvað íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki var reiðubúið að greiða fyrir tímabundin réttindi.

Það er eitt stærsta ágreiningsefnið í dag. Sá samanburður sem hér er óskað eftir getur verið gagnlegt framlag til málefnalegrar umræðu um það stóra ágreiningsefni, ekki síst í ljósi þess að útgerðin er nú á móti tímabundnum veiðirétti en studdi hann þegar álit auðlinda-
nefndar kom fram árið 2000. Með því eðlilega skilyrði að um hæfi-
legan tíma yrði að ræða.

Sjálfstæðisflokkurinn skipti líka um skoðun á þessu atriði. Ætli for-
maður flokksins telji það líka lýð-
skrum að fara fram á að hann skýri hvers vegna flokkurinn hvarf frá samkomulaginu um niðurstöðu auðlindanefndar á sínum tíma og stöðvaði frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar um tímabundinn veiðirétt í síðustu samstjórn þessara tveggja flokka?

En líklega er auðveldara að halla sér aftur í rólegheitum á hneykslunarhellunni í félagsskap annarra manna sem hneykslast



Upplýsingar eru grundvöllur rökræðu. Umræðan um þær getur verið misjafnlega málefnaleg. Og eðlilega geta menn dregið ólíkar ályktanir af sömu upplýsingum eftir stjórnmálaskoðunum.

mikið, benda í allar áttir og hrópa „lýðskrum, lýðskrum“, „sýndar-
mennska, sýndarmennska“ þegar mikið er undir. Sér í lagi þegar beðið er um upplýsingar sem þóknast hvorki þeim né þeirra hagsmunum. Þannig stjórnmál verða algengari víða um heim og nú hér heima líka. Gegn þeim munum við í Viðreisn tala.

Lestrarvandi og íslenskukennsla



Kristján Arnason fyrrverandi for-
maður Íslenskr-
ar málnefndar
og prófessor í
málfræði

Umræðu sem farið hefur fram að undanförmu um hraklegar niðurstöður úr PISA-könnun virðist komið við veikan blett í sjálfmynd Íslendinga, sem hafa litið á sig sem lesandi og skrifandi bókmenntaþjóð. Íslensk ungmenni virðast vera verr læs en önnur í alþjóðlegum samanburði. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerist og þegar leitað er til sérfræðinga í menntakerfinu svarar hver út frá sínu sjónarhorni og bendir á nauðsyn rannsókna og eflingar tungu-
tækni, en líka er bent á fjölskyldur landsins og mikilvægi þess að tala við börnin og framleiða handa þeim lesefni. Að einhverju leyti virðist þó kveða við nýjan tón í yfirstandandi umræðuflóði. Orðið málheimur heyrir oft, og einnig er bent á að lesskilningur byggir á orðaforða, og lélegur árangur í lestri stafi af því að ungmennin þekki ekki eða skilji íslensk orð. Annað viðkvæði er að íslenskukennarar séu í vanda staddir og viti ekki vel hvernig bregðast skuli við. Viðbrögð menntamálaráðherra lýsa vilja til að efla íslenskukennslu í skólakerfinu. Í slíku átaki beinast sjónir óhjákvæmilega að menntun íslenskukennaranna. Hafandi á starfsævinni kennt íslensku, bæði almennum nemendum og upprennandi íslenskukennurum, rennur mér blóðið til skyldunnar og varpa því fram fáeinum athuga-
semdum.

Íslenskukennarar, eins og flestir kennarar í grunnskóla og fram-
haldsskóla, sækja nú menntun sína til tveggja stofnana, Háskóla Íslands (eftir að Kennaraháskólinn sameinaðist honum), og Háskólans á Akureyri. Þessar stofnanir hljóta að beina sjónum að þeim vanda sem talinn er blasa við vegna lélegs lestrarárangurs og hugleiða hvað þeir geta lagt til mála. Þar sem böndin berast að einhverju leyti að málumhverfinu verður að spyrja að því hvert skuli vera inntakið í íslenskukennslunni og þar með menntun íslenskukennara. Hvaða fróðleik eða færni skulu skólarnir, þar með taldir háskólarnir, veita nýjum kynslóðum? Hvaða hug-

myndum og gildum eiga kennarar að miðla til nemenda í grunnskóla og framhaldsskóla? Lengi hafa menn litið svo á að saga íslenskrar tungu og bókmennta sé óslitin allt frá upphafi og ekki sé ástæða til að skilja milli forníslensku og nútímaíslensku með sama hætti og t.d. milli fornensku, miðensku og nútímaensku, ellegar forndönsku og nútímadönsku. En er sú hugsun úrelt, að íslensk tunga sé ein og söm frá landnámi? Er vandinn e.t.v. sá að við erum að burðast með gaml-
an arf, sem enginn skilur eða hefur áhuga á? Ég hef heyrt því haldið fram að talið sé óviðunandi að börn séu látin lesa texta sem sam-
ir eru fyrir 1980, þau verði að fá nýjar sögur, sem vekja áhuga þeirra. Hvert á að vera tungutak eða mál-
snið þess lesefnis sem börnunum er ætlað? Þarf að þýða eldri bók-
menntir yfir á nútímamál?

Engum dylst að miklar breyt-
ingar hafa orðið á íslensku sam-
félagi að undanförmu, og þær munu vafalaust halda áfram með sífellt opnari boðskiptum og nýrri tækni. Stundum finnst manni eins og Íslendingar liti á sig sem sérstaka gerð af Ameríkönum, enda er nálægð þeirrar men-
ningar yfirþyrmandi. Um málefni tungunnar, formvanda hennar og stöðuvanda, er þó mikið rætt og virðast flestir sammála um að huga verði að viðgangi íslensk-
unnar. En hvers konar íslenska er það sem vernda skal og styrkja? Oft heyrast sagt að tungumáli sé eðlilegt að breytast með breyttum tímum. Fáir gerast nú málsvavar hreintunguhyggju og harðvít-
ugar málboðunar og má það teljast eðlilegt. En hversu miklar breytingar eru æskilegar? Nýlega hefur Pétur Gunnarsson rithöf-
undur sagt að öndvegishöfundar 20. aldar, Gunnar Gunnarsson, Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness, virðist íslenskri skóla-
æsku nánast gleymdir. Rétt svo að börnin kannist við nöfnin, en hafa að því er virðist ekki lesið staf eftir þá eða fræðst um verk þeirra. Ef þetta er rétt má gera ráð fyrir að margt fólk sem nú er á skólaaldri muni aldrei komast hjálparlaust í gegnum rit á borð við Íslandsklukku Halldórs Lax-
ness. Telst þetta eðlilegur hraði breytinga? Ég leyfi mér að efast og vil hvetja háskóla landsins og menntamálayfirvöld til að taka höndum saman og móta stefnu sem felur í sér skýr markmið og leiðir til miðlunar íslensks bók-
menntaarfs til komandi kynslóða.

Fyrir og síðar



Einar Benediktsson fyrrverandi sendiherra

Útgöngu Breta úr Evrópusam-
bandinu fylgja samningar um framtíð viðskipta við Breta. Það má telja til tíðinda að á fyrsta virka degi samningstímans ber fremur að vænta árekstra en samkomulags í viðræðunum. Ekki verður annað séð en að afstaða ESB feli í sér að ekki verði endan-
lega um að ræða nein veruleg frá-
vik frá viðskiptafyrirkomulagi innri markaðsins og tengdum reglugerðum, heldur lúti þau sam-
ræmingu. Einnig er óvænt að ESB leggur forgangsáherslu á þá kröfu að fiskveiðiréttindi ESB í Norður-
sjó séu óbreytt.

Boris Johnson hefur hafnað nokkurri nálgun við tillögur ESB, þ.m.t. varðandi sjávarútveginn og tekið fram af miklum þunga í þinginu að Bretar stefni að gerð fríverslunarsamnings við ESB svo sem gerður var við Kanada.

En þá eru það sjávarútvegs-
málin það gefnu þessu ærna til-
efni. Er sagan til skýringar á því að atvinnugrein af dvergstærð á

mælikvarða Evrópuríkja skýtur svo upp kollinum? Vægið skýrist við að ESB er ráðandi markaður fyrir breska iðnaðarframleiðslu og fjármálaþjónustu, hvort um sig 5% og 7% vergrar þjóðarframleiðslu. Þótt sjávarútvegurinn, aðallega í Grimsby, Hull og Skotlandi, nái því aðeins að vera 0,1% þjóðarfram-
leiðslu, er um að ræða þýðingar-
mikla atvinnugrein í strandhéruð-
um, m.a. vegna dreifingarkerfisins á Humber-side, innanlands og yfir Ermarsundið.

Áttundi áratugur sl. aldar markar tímamót í Íslandssögunni því þá komast fiskimiðin á land-
grunni Íslands loks að fullu undir stjórn okkar í 200 milna fiskveiði-
lögsögu. Með tímanum mótast ný fiskveiðistefna, sem byggir á vis-
indalegri ákvörðun á hámarksaflla og framseljanlegum veiðikvótum. Þá er stöðug þróun til fríverslunar með virkri þátttöku Íslands í EFTA og EES/ESB, sem nýtir samkeppnis-
forskot okkar. Hámark útflutn-
ingsverðmætis fæst því með því að sinna nálægum hátekjulöndum, einkum Bretlandi og Bandarík-
junum, m.a. með flugi.

Snemma á þessum áttunda ára-
tug takast loks samningar um aðild Breta að Evrópusambandinu. Á þeim tíma – 47 árum – liggur margo margt merkilegt eftir Breta í þeirri sam-
vinnu, auk þess að vera „höfund-
arnir“ að EFTA. Þeim sem þetta



Ekki verður annað séð en að afstaða ESB feli í sér að ekki verði endanlega um að ræða nein veruleg frávik frá viðskiptafyrirkomulagi innri markaðsins og tengdum reglugerðum, heldur lúti þau samræmingu.

skrifar, er minnisstæður fram-
kvæmdastjórinn Lord Cockfield, sem heimsótti Ísland. Hans mikla verk var frjálsi innri markaður-
inn. En sjávarútvegsfélur eru ekki á þeirra afrekaskrá. Bretar sam-
þykktu því miður, að allur Norður-
sjórinn skyldi vera sameiginlegt veiðisvæði Evrópusambandsins en vegna landlegu eru miðin aðallega innan breskrar lögsögu. Er nú ekki tækifæri til að endurheimta eigin fiskimið og taka upp nýja stefnu til verndar fiskistofnum?

Það fara í hönd óróatimar í við-
skiptasamvinnunni sem hefur fært okkur þau fríðindi sem varðveita ber.

Hvar fara hagsmunir saman ?

Áttu von á smáfólki í fyrirtækið á öskudaginn?

Öskudagshammi 2020

Pantanir á www.goa.is

SPORT

**Handalögmál í Höllinni**

Allt fór í háaloft í fyrra þegar Stjarnan og ÍR mættust í undanúrslitum bikarsins í körfubolta. Liðin sátu hlið við hlið með enga gæslu sín á milli og skapaðist mikill hiti meðal sjóðheitra stuðningsmanna. Fór svo að einn ÍR-ingur fékk á lúðurinn en eftir það róaðist mannskapurinn og fór að blása í sína lúðra og einbeita sér að körfuboltanum.

**Kynþáttanið gegn KR-ingi**

KSÍ sektaði ÍBV um 150 þúsund fyrir kynþáttanið gegn Farid Zato, leikmanni KR, árið 2014. Dómarinn stöðvaði leikinn og bað áhorfendur að vera ekki með fordöma og rasisma.

**Hraunuðu yfir Ásthildi**

Ásthildur Helgadóttir, ein besta knattspyrnukona landsins fyrr og síðar, lýsti í viðtali við DV árið 2003 viðureign KR og ÍBV og orðbragði í stúkunni og þeim svívirðingum sem hún fékk yfir sig. Svo grófar voru þær að einhverjir áhorfenda yfirgáfu svæðið.

**Grínið kostaði 25 þúsund**

Aganefnd HSÍ sektaði ÍBV um 25 þúsund krónur árið 2017 eftir að áhorfendur gerðu hróp að þjálfara Vals. Að mati nefndarinnar voru hrópin og orð sem voru viðhöfð vitaverð framkoma gagnvart þjálfaranum, þótt þau kunni að hafa verið sett fram af gamansemi.

Skríllinn í stúkunni

Eyjamenn eru engir fyrirmyndaráhorfendur þegar kemur að íþróttakappleikjum en enn ein skrílslæti þeirra komust í fréttirnar í gær eftir bikarleikinn gegn FH í handboltanum. Þeir eru þó ekki einu áhorfendurnir sem hafa orðið sér og sínu liði til skammar – svo eftir hefur verið tekið.

**70 mínútur**

Bikarúrslitaleikurinn 2003 í handbolta er einn frægasti úrslitaleikur sögunnar. Ekki endilega fyrir leikinn sjálfan sem Afturelding og HK spiluðu, heldur eftirköstin. Undir lok leiksins sauð nefnilega upp úr á þöllum milli stuðningsmanna svo úr varð risastór hafið hnefanna. Dólgarnir héldu áfram og voru fréttir stútfullar af dólgum dagana á eftir. Sprelligosarnir í 70 mínútum tóku slagsmálin fyrir og fóru yfir þau í skemmtilegri samantekt í hægri endursýningu. Þar greindu þeir meðal annars hver kýldi hvern og hver flúði vettvang.

2007-vandinn

Bikarúrslitin í handbolta árið 2007 voru eðlilega sýnd í beinni útsendingu. Þar öttu Stjarnan og Fram kappi inni á vellinum en utan vallar var þráðurinn eitthvað stuttur og fannst nokkrum svörtum sauðum í stúkunni sniðugt að láta hnefana tala. Gera þurfti hlé á leiknum meðan fjöldi gæslumanna reyndi að stia stuðningsmönnum í sundur en sumir slagsmálahundarnir rúlluðu alla leið inn á sjálfan leikvöllinn. Stjarnan vann þennan úrslitaleik 27-17.

**Biðluðu til stuðningsmanna**

Eftir leik Keflavíkingar og Hauka árið 2014 í körfubolta fengu Keflvíkingar 25 þúsund króna sekt fyrir heimskupör áhorfenda. Körfuboltadeildin biðlaði í kjölfarið til sinna stuðningsmanna. „Að gefnu tilefni vill stjórn KKDK biðla til stuðningsmanna félagsins að sýna dómurum virðingu, bæði félaginu og þeim sjálfum til heilla enda hefur það ekki enn gerst í sögu íþróttar að fúkyrðaflaumur, persónunið eða hótanir í garð dómara breyti dómum né geri liði þess sem þannig lætur gagn.“

**Sauð upp úr í Garðabæ**

Þegar Stjarnan krækti sér í Íslandsmeistaratitilinn 2014 í Kaplakrika varð allt vitlaust í stúkunni. Flöskum var hent inn á völlinn og fékk boltastrákur dós í hausinn og samtímis var hrækt á hann. Eftir leikinn slapp stuðningsmaður FH í gegnum öryggisgæsluna, komst að dómurum leiksins, hrifsaði flaggið af aðstoðardómaranum og braut það. FH fékk 100 þúsund króna sekt og Stjarnan 50 þúsund.

benediktboas@frettablaðið.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. febrúar 2020

6. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX



TUDOR



TAGHeuer



LONGINES



NOMOS
GLASHÜTTE



TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega
verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Sameinast um dauða innviði



Fjarskiptafyrirtækin gera sér vonir um samstarf um uppbyggingu innviða með 5G-væðinguna í fyrirrúmi. Forstjórnarnir segja kapphlaup um fjárfestingar í óvirkum innviðum fela í sér gríðarlega sóun. »4



»2 Lansdowne selt fyrir um sjö milljarða króna

Breski vogunarsjóðurinn hefur losað um hluti í skráðum félögum fyrir um sjö milljarða á um þremur mánuðum. Salan nemur yfir sex milljörðum það sem af er ári. Ávöxtun verið lítil eða neikvæð.

»6 Íslenskur Þjóðarsjóður


„Stofnun Þjóðarsjóðs mun auka traust Íslands út á við og sýna fjárhagslegan styrk ríkissjóðs sem ætti að skila sér í bættara aðgengi fyrirtækja að fjármögnun á betri kjörum,“ segir Valdimar Ármann, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, í aðsendri grein.

»7 Fjárfestu í sprotafyrirtækjum fyrir tíu milljarða

Fjárfest var í sprotafyrirtæki á þrettán daga fresti í fyrra. Stofnandi Northstacks segir að síðastliðið ár hafi verið gott. Erlendir fjárfestar hafa lagt sitt af mörkum undanfarin fimm ár. Lítið fé er eftir í sjóðum sem fjárfesta í nýsköpun.

NÝTT! LINSUR SEM DÖKKNA Í SÓL





Breyting sem verður við sólarljós eða mikla birtu

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK


Níu af hverjum tíu búast við að hagræða á árinu

Framleiðslufyrirtæki þurfa að bregðast við áskorunum og krefjandi starfsumhverfi á árinu 2020 sem verður ár hagræðingaraðgerða. Þetta má lesa úr niðurstöðum könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins. Allir stjórnendur stórra og meðalstórra fyrirtækja segjast ætla að ráðast í hagræðingaraðgerðir á árinu, og 88 prósent svarenda segja mjög líklegt eða frekar líklegt að gripið verði til slíkra aðgerða.

Í könnuninni voru stjórnendur framleiðslufyrirtækjanna beðnir um að meta helstu áskoranir í þeirra rekstri og var launakostnaður sú áskorun sem flestir stjórnendanna sögðu vera mjög mikla um þessar mundir. Spurt var um ýmsa áhrifaþætti á borð við skatta og gjöld, aðgengi að lánsfjármagni og sveiflur í efnahagsmálum. Hver áskorun var metin á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er mjög lítil áskorun og 5 mjög mikil áskorun.

/// **Ár hagræðingaraðgerða**

Hversu líklegt er að þitt fyrirtæki gripi til hagræðingaraðgerða á árinu 2020?



Niðurstöður fyrir launakostnað voru 4,55 af 5 og eru sagðar benda til þess að framhald verði á þeirri þróun í atvinnu sem þegar er hafin en launþegum í framleiðsluiðnaði hefur fækkað undanfarið. Fækkunin var komin í fjögur prósent í október í fyrra.

„Launahækkunar síðustu kjarasamninga eru ekki í neinum takti við getu íslensks framleiðsluiðnaðar. Samkeppnisstaða gagnvart innfluttri vöru versnar enn frekar,“ hafa samtökin eftir einum stjórnanda og annar talar á svipuðum nótum:


„Launakostnaður mjög þungur. Launahlutfall miðað við veltu orðið hærra en við höfum séð áður. Erfitt að hækka verð til að mæta auknum kostnaði.“

Samtök iðnaðarins segja afstöðu stjórnenda koma heima og saman við að laun á vinnustund hér á landi séu nú með þeim hæstu á meðal iðn-

væddra ríkja. Raungengi krónunnar á mælikvarða launa standi sögulega hátt um þessar mundir og samkeppnisstaða gagnvart erlendum keppinautum sé veik með tilliti til launakostnaðar. Þá séu fyrirtækin að takast á við þessa stöðu á sama tíma og samdráttur er víða í eftirspurn, til dæmis á innlendum markaði.

Næstmesta áskorunin var skattar og gjöld hér á landi. Samtökin segja það ekki koma á óvart þar sem skattheimta á íslensk fyrirtæki sé há í alþjóðlegum samanburði. Skattahækkunar eftir efnahagsáfallið 2008 hafi að stórum hluta fest sig í sessi.

Í þessu samhengi nefna samtökin hátt tryggingagjald sem eykur launakostnað fyrirtækja og dregur úr afli þeirra til að ráða starfsmenn. Auk þess séu fasteignaskattar á fyrirtæki hér á landi háir í alþjóðlegum samanburði. – þfh



Landsdowne Partners hóf innreið sína á innlendan hlutabréfamarkað haustið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Landsdowne selt fyrir sjö milljarða króna

Breski vogunarsjóðurinn Landsdowne Partners hefur losað um hluti í skráðum félögum fyrir um sjö milljarða á um þremur mánuðum. Salan nemur yfir sex milljörðum það sem af er ári. Ávöxtun sjóðsins verið lítil eða neikvæð.

Sjóður á vegum Landsdowne Partners, breska vogunarsjóðsins sem hóf innreið sína á íslenskan hlutabréfamarkað haustið 2017, hefur frá því í október í fyrra selt sig niður í fimm skráðum félögum fyrir samtals um sjö milljarða króna. Þar af hefur hann selt fyrir ríflega sex milljarða króna á þessu ári. Þetta leiðir athugun Markaðarins í ljós.

Vogunarsjóðurinn hefur þannig minnkað verulega eignarhlut sinn í þeim sex skráðu félögum sem hann fjárfesti í hér á landi og er hann sem dæmi aðeins í hópi tíu stærstu hluthafa í tveimur félögum. Til samanburðar var sjóðurinn á meðal átta stærstu hluthafa í fimm félögum í október í fyrra.

Má almennt ætla að ávöxtun af fjárfestingum sjóðsins, sem voru flestar gerðar síðla árs 2017, hafi verið lítil sem engin og í sumum tilfellum verið neikvæð.

Fjárfestingar Landsdowne í íslenskum hlutabréfum, sem sjóðsstjórninn David Craigen hefur haft yfirumsjón með, nema nú samanlagt um 8,2 milljörðum króna og munar þar mest um liðlega 4,2 prósentu hlut í Arion banka að virði um 6,3 milljarðar króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í bankanum.

Sjóðurinn hefur selt hátt í eins prósentu hlut í Arion banka fyrir tæplega 1,4 milljarða króna það sem af er árinu en hann kom fyrst inn í hluthafahóp bankans í hlutafjárútbóði hans í júní árið 2018.

Landsdowne hefur selt hvað stærstan hlut í Festi, móðurfélagi N1, Krónunnar og Elko, á undan-

Eignarhlutur Landsdowne

	Okt. 2019	Núverandi
Arion banki	5,1%	4,2%
Festi	6,0%	2,0%
Sýn	14,2%	3,7%
TM	7,1%	2,1%
VÍS	7,3%	0-1,4%

8,2 milljarðar er virði núverandi fjárfestinga Landsdowne Partners í skráðum félögum.

förnum vikum en frá því um miðjan síðasta mánuð hefur sjóðurinn selt hátt í fjögurra prósentu hlut í smásölu- og eldsneytisfélaginu fyrir um 1,8 til 1,9 milljarða króna, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Fer hann nú með tveggja prósentu hlut í félaginu.

Jafnframt hefur eignarhlutur vogunarsjóðsins í VÍS minnkað verulega á síðustu vikum – en hann var 7,15 prósent í byrjun ársins – og er sjóðurinn ekki lengur í hópi tuttugu stærstu hluthafa tryggingafélagsins. Má leiða líkur að því að Landsdowne hafi selt bréf í félaginu fyrir allt að 1,6 milljarða króna það sem af er árinu.

Landsdowne hefur enn fremur minnkað hlut sinn í öðru tryggingafélagi, TM, en frá því í desember í fyrra hefur sjóðurinn selt tæplega fimm prósentu eignarhlut í félaginu

fyrir allt að 1,4 milljarða króna. Eftir ríflega 670 milljóna króna sölu síðasta föstudag fer vogunarsjóðurinn með rúman tveggja prósentu hlut í tryggingafélaginu.

Þá hefur Landsdowne selt um 10,5 prósentu hlut í Sýn, sem var fyrsta fjárfesting sjóðsins hér á landi, á síðustu fjórum mánuðum fyrir hátt í einn milljarð króna. Hélt hann í lok síðasta mánaðar á 3,7 prósentu hlut í fjarskipta- og fjölmiðlafélaginu. Vogunarsjóðurinn var um nokkurra mánaða skeið stærsti hluthafi Sýnar með um 14,2 prósentu hlut áður en hann hóf að selja sig niður í félaginu í október í fyrra.

Því til viðbótar seldi vogunarsjóðurinn hlutabréf sín í Símanum á fyrri hluta síðasta árs en hann fór með 2,5 prósentu hlut í fjarskiptarísanum í lok árs 2018. Má ætla að söluandvirði bréfanna hafi numið allt að 900 milljónum króna. Landsdowne var í hópi nokkurra erlendra fjárfesta sem minnkuðu talsvert við sig í Símanum á vormánuðum síðasta árs á sama tíma og Stodir hófu að fjárfesta í félaginu.

Almennt má segja að ávöxtun af fjárfestingum Landsdowne, að kaupum hans í Arion banka undanskildum, hafi verið lítil sem engin. Á það sérstaklega við um fjárfestingu sjóðsins í Sýn. Þannig byggði hann upp stöðu í félaginu síðla árs 2017 þegar gengið var yfir sextíu krónum á hlut en seldi svo stærstan hluta bréfa sinna síðasta haust á gengi sem var undir þrjátíu krónum á hlut. Auk þess má gera ráð fyrir að gengisáhrif krónunnar hafi almennt verið til lækkunar á virði íslenskra eigna sjóðsins. kristinni@frettabladid.is

Sendiráð Kanada kaupir Fjólugötu 1

Kanadíska sendiráðið gekk í lok síðasta mánaðar frá kaupum á einbýlishúsi við Fjólugötu 1 í Þingholtunum í miðborg Reykjavíkur sem áður var í eigu Sólveigar Pétursdóttur, fyrrverandi dómsmálaráðherra. Samkvæmt kaupsamningi nam kaupverðið 265 milljónum króna.

Umrætt hús, sem var fyrst sett á sölu árið 2016, er 473 fermetrar að stærð en það er á tveimur hæðum og er undir því kjallari. Það er staðsett neðst í Þingholtunum, gegnt Hallar-



Kanadíska sendiráðið hefur eignast Fjólugötu 1. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

garðinum, með útsýni yfir Reykjavíkurtjörn.

Húsið á Fjólugötu 1 var teiknað af Sigurði Guðmundssyni arkitekt og byggt árið 1926 en endurnýjað árið 2002. Fasteignamat þess er liðlega 174 milljónir króna. Engar veðskuldir hvíldu á húseigninni, eftir því sem fram kemur í kaupsamningnum.

Kanadíska sendiráðið er til húsa við Túngötu en ekki liggur fyrir hvort húseignin við Fjólugötu verði nýtt sem sendiráðsbústaður. – kj

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Höður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR





588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



SUBARU

Confidence in Motion



RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA!

Ný kynslóð Subaru Forester er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hljóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO₂ útblástur.

NÝR SUBARU FORESTER e-BOXER HYBRID

SUBARU FORESTER PREMIUM e-BOXER HYBRID

Sjálfskiptur, verð: 6.890.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Allir geta tapað á kapphlaupinu

Fjarskiptafyrirtækin gera sér vonir um samstarf um uppbyggingu innviða með 5G-væðinguna í fyrirrúmi. Boltinn byrjaði að rúlla eftir að veðurofsinn í vetur afhjúpaði veikleika kerfisins. Forstjórnarnir segja kapphlaup um fjárfestingar valda gríðarlegri sóun.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fjórdá iðnbyltingin og allt það sem fylgir henni þýðir að samkeppnishæfni landsins ræðst af traustum og þróðum innviðum. Fjárfestinga-

kapphlaup mun hins vegar leiða af sér gríðarlega sóun og hærri kostnað til viðskiptavina og fyrirtækja," segir Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, í samtali við Markaðinn.

Sýn, Síminn og Nova tilkynntu undir lok síðasta árs að fyrirtækin hefðu undirritað viljayfirlýsingar um viðræður um möguleika á samnýtingu og samstarfi við uppbyggingu fjarskiptainnviða.

„Viðræður eru enn á byrjunarstigi en það liggur í augum uppi að fram undan er uppbygging í 5G þannig að ætla má að hún verði það fyrsta sem

Það getur verið að í ákveðnum atriðum og á ákveðnum svæðum séu markaðsbrestir og erfitt að koma við samkeppni, og þá þarf sérstaklega að taka á því.

Páll Gunnar Pálsson,
forstjóri
Samkeppnis-
eftirlitsins



við horfum til. Hvað okkur varðar horfum við til þess hvernig fyrirtæki hafa verið að gera þetta víða erlendis en uppbygging fjarskiptakerfa er í flokki afar mikilvægra innviðafjárfestinga," segir Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova.

Ávinningurinn af samstarfi

felst í hagkvæmri nýtingu framleiðslupátta þjóðfélagsins, minna umhverfisraski og auknu almannaoðryggi. Staðan í dag er þannig að víða eru sams konar innviðir frá mismunandi fyrirtækjum hlið við hlið þar sem lítil eða engin forsenda er fyrir samkeppni. Fyrirtækin eru að skoða samstarf um þá innviði sem veita ekki mikið forskot í samkeppni innbyrðis en eru dýrir og valda miklu raski.

„Forsendur sem lagðar eru til grundvallar á EES-svæðinu eru að virk samkeppni sé best til þess fallin að tryggja aðgengi, uppbyggingu og framþróun fjarskiptakerfa," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

„Það getur hins vegar verið að í ákveðnum atriðum og á ákveðnum svæðum séu markaðsbrestir og erfitt að koma við samkeppni, og þá þarf sérstaklega að taka á því," segir Páll Gunnar.

Það liggur í augum uppi að fram undan er uppbygging í 5G þannig að ætla má að hún verði það fyrsta sem við horfum til.

Margrét Tryggvadóttir,
forstjóri Nova



Viðræðurnar munu að miklu leyti snúa að uppbyggingu á 5G-kerfum sem verður grunnstoðin að því sem sem hefur verið nefnt fjórða iðnbyltingin og internet hlutanna (IoT). Hún mun krefjast umtalsverðra fjárfestinga í bæði farnetum og ljósleiðaranetum á næstu árum.

„Fyrsta útgáfan af 5G er náttúrulegt framhald af 4G en ef við ætlum okkur að byggja upp alvöru 5G-kerfi, sem er með hundrað sinnum fleiri senda en í 4G á vissum svæðum, þá er það risavaxið verkefnið. Efkerfið ætti að dekkja svipuð svæði og önnur farsímakerfi gera í dag þá held ég að fjárfestingin geti hlaupið á mörgum tugum milljarða effyrirtækin ákveða að gera þetta hvert í sínu horni. Til þess að tækifærin sem felast í 5G nýtist sem flestum íbúum landsins þarf að haga uppbyggunni með eins hagkvæmum hætti og unnt er. Þar getur skynsamleg samnýting innviða og samstarf í uppbyggingu verið lykilatriði," segir Orri Hauksson, forstjóri Simans.

„Notendur gera sífellt meiri kröfur og nú þegar bílar, armbandsúr og nýjustu heimilistækin eru öll tengd við netið þurfa fjarskiptakerfin að vera undirbúin. Nova hefur lagt út í

KÖLF

MIDVIKUDAGUR 12. FEBRÚAR 2020

Heimili

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Sylvía Dögg Halldórsdóttir segir spegilinn stórbrotna frá Reflections Copenhagen, sem sjá má í bakgrunni, vera í miklu uppáhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ástartankur í Hlíðunum

Myndlistarkonan og búningahönnuðurinn Sylvía Lovetank býr í fallegu húsi við Flókagötu ásamt kærastanum Sigga Kjartani og tveimur börnum. ➔2



Sylvía Dögg segir eldhúsið og svefnherbergið vera í miklu eftirlæti.



Í opnu borðstofurýminu gefur að líta ægifagurt listaverk eftir Lovetank.



Herbergi dóttur Sylvíu, er hlýlegt og fyllt fallegum húsgögnum og dóti.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiser-na@frettabladid.is




Ég heiti Sylvía Dögg Halldórsdóttir / Lovetank og er bún-ingahönnuður og listmálari," segir Sylvía Dögg. „Ég á og rek fyrirtækið Lovetank þar sem ég hanna búninga fyrir bíómyndir og sjónvarp. Einnig mála ég myndir þegar ég „má vera að“ sem ég sel í Galleri List í Skipholti. Hér bý ég með leikstjóranum Sigga Kjartani, kærasta mínum, ásamt dóttur okkar og syni mínum úr fyrra sambandi.“

Afslappað andrúmsloft

„Ég ólst upp í höfuðborg Austur-lands, Reyðarfirði,“ segir Sylvía sem hefur búið víða. Eftir að hafa lokið myndlistarnámi í Hollandi 2007 fluttist hún til London um tíma og svo aftur til Íslands. „Áður en ég flutti hingað bjó ég í risibúð á Bergþórugötu og Siggi Kjartan flutti til mín frá Los Angeles en við erum búin að búa saman hér í rúm tvö ár.“

Heimili Sylvíu einkennist af mikilli birtu og opnum rýmum. „Ég myndi lýsa andrúmsloftinu á heimilinu sem hlýju, huggulegu og afslöppuðu, eða þannig upplifi ég það.“



Sylvía Dögg segir það mikla gæfu að fá að starfa í kvikmyndabransanum með hæfileikaríku listafólki.

Þá skartar íbúðin einstaklega tignarlegum og fallegum boga-glugga en bæði húsið og glugginn eiga sér áhugaverða sögu. „Húsið sem við búum í er teiknað af Jörundi Pálssyni arkitekt/ listmálara fyrir Loga Einarsson hæstaréttardómara, og var byggt árið 1948. Jón Ásgeirsson tónskáld bjó hér á árum áður og leyfi ég mér að dreyma um að hann hafi samið lagið við Maistjörnuna hérna við þennan fallega bogaglugga þar sem mér skilst að flygillinn hans hafi staðið.“

Glaðværd og gersemar

Sylvía segir þau ekki hafa þurft að standa í miklum framkvæmdum. „Fyrri eigendur voru mikið smekk-fólk og breyttu íbúðinni mikið og í núverandi mynd, þau létu færa til eldhúsið svo eitthvað sé nefnt. Við höfum meira verið að mála og gera minni háttar andlitslyftingar.“

Það er þó sitthvað á teikniborðinu. „Við ætlum að taka baðherbergið í gegn, taka baðkarið út og setja þess í stað sturtu og fá auka gólfpláss til að geta tekið sporið með tannburstann.“

Athygli vekur að heimilið hefur að geyma mikinn fjölda tilkomu-mikilla listaverka sem koma úr ýmsum áttum. „Ég málaði mikið af myndunum sem hér eru en einnig hanga hér myndir eftir Ramon Maiden, Dan Hillier, Ara Magg, Árna Jónsson og Hörpu Finns-

“ Jón Ásgeirsson tónskáld bjó hér á árum áður og leyfi ég mér að dreyma um að hann hafi samið lagið við Maistjörnuna hérna við þennan fallega bogaglugga þar sem mér skilst að flygillinn hans hafi staðið.

dóttur sem eru mér afar kærar. Einnig erum við með listaverk frá Ásu Dýradóttur, Diana Roig og Lukku Sigurðardóttur.“

Það stendur ekki á svörum þegar Sylvía er spurð að því hver sé uppáhaldsstaðurinn hennar í íbúðinni. „Uppáhaldsstaðurinn minn er svefnherbergið og eldhúsið.“

Þá hefur hún mikið dálæti á stofuprýðinni, stórbrötum spegli. „Uppáhaldshluturinn minn er sjálfsagt þessi fallegi Reflections Copenhagen spegill sem ég lét eftir mér úr Snúrunni. Það er algert þrot að þrifa hann en hann er ó svo þess virði. Hann veitir mér mikla óútskýrða gleði í hvert skipti sem ég horfi á hann og hvernig hann leikur og dansar með dagsbirtu og ljós.“

Heilluð af hæfileikum

Þrátt fyrir að íbúðin sé full af fallegum munum og listaverkum segir Sylvía það ekki vera með-vitað ákvarðanaferli. „Ég safna aðallega fallegum fötum, skóm og minningum. Ég er ekki að safna neinu sérstöku hvað hluti varðar en finnst mjög gaman að hafa fallega hluti í kringum mig. Þeir safnast saman hægt og rólega með tíð og tíma.“

Það er þó ákveðinn hlutur á óskalistanum sem hún óttast að finna ekki í bráð. „Ég er með á heil-anum að eignast nýjan sófa. Mig langar í stóran fallegan sófa sem faðmar mig og kostar ekki hand-legg. Sá sófi virðist ekki vera til.“

Sylvía segist fyrst og fremst sækja innblástur í sköpunar- og snillgáfu samstarfsfólks síns og veraldanna sem þau gæða lífi í gegnum leikmyndir og tókustaði. Það sé oft töfrum líkast. „Ég sæki ekki sérstaklega innblástur hvað heimilið varðar en verð óhjá-kvæmilega fyrir áhrifum frá því mikla listafólki sem ég vinn með í kvikmyndabransanum. Það eru mikil forréttindi að vera umkringd hæfileikaríku fólki daglega í vinnu og er ég þess aðnjótandi að sjá þar falleg kvikmyndasett og einstaka hluti og það er smitandi.“

Hægt er að fylgjast með Sylvíu og hennar verkefnum á heima-síðunni lov-etank.is og á Instagram undir SYLVIA/LOVETANK.



ALFABORG
- allt á gólfjöð -

Skútuvgi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið rit-stjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,


Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiser-na@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU

EITT VERÐ, ALLT INNIFALIÐ

ÁRMÚLI – HAFNARTORG – URÐARHVARF



Allt innifalið

Þú greiðir aðeins eitt verð fyrir allt sem tengist vinnusvæði þínu. Gerum föst verðtilboð.





Stækkaðu við þig

Bættu við skrifbordum eftir því sem starfsmönnum fjölgar. Langtímaleiga í boði.



Fullbúnar skrifstofur

Nútímaleg húsgögn og háhraða internettenging fylgja.



5 27 27 87

FJÖLBREYTT FUNDARHERBERGI TIL LEIGU FYRIR ALLT AÐ 40 MANNS

REGUS.IS

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin allan virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Aukahlutir í bíla



Demparar

- Stykur

- Ending

Fyrir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur



AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.

Við sérhæfum okkur í ræstingum á fyrirtækjum, þar sem áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Odýr og góð þjónusta.

FMJ Þrif ehf.

Uppl. í síma 780 7020 eða raesting2010@yahoo.com

Bókhald

Alhliða bókhaldsþjónusta, VSK, Laun. Gott verð, góð þjónusta. KH bókhald sími 623 2843.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

Tilboð. Thai heilsunudd RVK. milli 10-16, uppl. í s. 761-8369

Önnur þjónusta

STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma



PROVENTUS

Starfsmannaþjónusta

551 5000

proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík www.proventus.is



RATIO

Eigum krana lausa til leigu

511 6600 – ratio@ratio.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Styrkir til rannsókna á ritmenningu íslenskra miðalda - RÍM

Í tilefni af því að árið 2019 voru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, vinna forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Snorrastofa í Reykholti að átaksverkefni til fimm ára um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda.

Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis auglýsir Snorrastofa nú eftir umsóknum um styrki vegna verkefnisins fyrir árið 2020.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði ritmenningar íslenskra miðalda, m.a. með því að efla rannsóknir á heimildum um ritunarstaði miðaldahandrita á Íslandi og þá sérstaklega á þeim lærdómsmiðstöðvum og klaustrum þar sem ritmenning blómstraði. Verkefnið skiptist í tvo verkþætti: Annars vegar að rannsaka menningarminjar og umhverfi tengt þessum stöðum og hins vegar handrita- og bókmenningu þeirra. Umsóknir verða metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis. Vonir standa til að nákvæmar lýsingar verði unnar á þeim ritmenningarstöðum, sem verða fyrir valinu og rök færð fyrir menningarlegu vægi þeirra handrita og bókmenntaverka sem stöðunum tengjast. Áætlað árlegt fé til sjóðsins er 35 m.kr. á tímabilinu 2020 til 2024.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Sé fyrirhugað að sækja um styrk til verkefnis, sem taka mun fleiri en eitt ár að vinna, skal umsækjandi gera grein fyrir heildarmarkmiðum verkefnis, áfangaskiptingu og kostnaðaráætlun hvers áfanga. Styrkveitingu fylgir ekki skuldbinding til að veita styrki til síðari áfanga verkefnis.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Snorrastofu í Reykholti, **www.snorrastofa.is** – rannsóknir og fræði.

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2020. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Úthlutanir úr sjóðnum eru á hendi mennta- og menningarmálaráðuneytis að fenginni umsögn sérstakrar úthlutunarnefndar. Snorrastofa hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við þær úthlutunarreglur, sem birtar eru á heimasíðu Snorrastofu. Heimilt verður að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum frá umsækjendum eftir því sem þurfa þykir.

12. febrúar, 2020

Snorrastofa,
320 Reykholt
Sími: 433 8000 og 893 1492
www.snorrastofa.is
snorrastofa@snorrastofa.is

SKIPULAGSBREYTING

Endurskoðun á deiliskipulagi Hellnahrauns 3.áfanga í Hafnarfirði Borgahella, Dofrahella, Búðahella, Straumhella 1-8.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 8. janúar 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi þriðja áfanga Hellnahrauns í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða austur hluta svæðisins, þ.e. þann hluta deiliskipulagsins sem innifelur allar lóðir við Borgahellu, Dofrahellu og Búðahellu ásamt lóðunum við Straumhellu 1–8. Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 heyrir svæðið til landnýtingarflokks AT3 athafnasvæðis.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðum á svæðinu verði fjölgað um 8, byggingarreitir verði stækkaðir, sameining lóða verði heimiluð og að heimilt verði að reisa allt að 12 m. há mannvirki. Nýtingarhlutfall verði óbreytt.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri að Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2 frá 12.02 - 25.03.2020. Einnig á www.hafnarfjordur.is

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagið og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs eigi síðar en 25. mars 2020.

Umhverfis- og skipulagssvið



Sveitarfélagið Vogar

Auglýsing um endurskoðun og kynningarfund aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga Aðalskipulag 2020-2040 Skipulags- og matslýsing

Sveitarfélagið Vogar hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Á fundi bæjarstjórnar 18. desember 2019 var samþykkt að tillaga að skipulags- og matslýsingu yrði kynnt og leitað umsagna um hana í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Sveitarfélagið Vogar hér með kynningu á skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2020-2040.

Skipulags- og matslýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu>, auk þess sem hún liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að löndal 2 í Vogum.

Athugasemdum og ábendingum við efni lýsingarinnar má skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, löndal 2, 190 Vogum, eða á netfangið skrifstofa@vogar.is. Þær skulu vera skriflegar og er þess óskað að þær berist eigi síðar en 6. mars 2020.

Almennur kynningarfundur um skipulags- og matslýsinguna fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu verður haldinn fimmtudaginn 13. febrúar n.k., kl. 19:30 í Álfagerði að Akurgerði 25.

Mikil áhersla er lögð á samráð við íbúa og alla þá sem hagsmuna eiga að gæta varðandi framtíðarskipulagið. Eru því allir áhugasamir hvattir til að koma á kynningarfundinn í Álfagerði n.k. fimmtudag, og taka þátt í að móta framtíðina.

Vogum, 12. febrúar 2020.
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

umtalsverða fjárfestingu til að vera á undan þörfinni fyrir aukna flutningsþörf og höfum við til að mynda hafið prófanir á 5G," segir Margrét.

Óveðrið var kveikjan

Orri segir að lengi hafi verið á sveimi oformlegar hugmyndir um að auka samstarf. Óveðrið sem gekk yfir fyrir jól hafi varpað ljósi á veikleika í innviðum landsins og ýtt við fjarskiptafyrirtækjunum að gera alvöru úr því að hefja viðræður. Snjóflóðið á Flateyri í byrjun þessa árs og jarðhræringar á Reykjanesi hafa síðan aukið þrýstinginn í þessum efnum.

„Í fyrsta lagi varðar þetta stöð-una eins og hún er í dag. Þegar rafmagníð fór af í öveðrinu sáum við að það erum veikleikar í kerfinu. Það væri hægt að hafa traustara og praktískara aðgengi að fyrsta flokks sambandi víðar en í núverandi kerfum með því að vinna betur saman. Síðan varðar þetta framtíðina þegar kemur að lagningu ljósleiðara, 5G-væðingu, interneti hlutanna (IoT) og fleiru. Við erum bæði að tala um nútíð og framtíð,“ segir Orri.

„Auðvitað verður alltaf að vera hörð samkeppni til staðar en það má samnýta miklu fleiri þætti en við höfum verið að gera hingað til. Innviðamál á Íslandi eru snúin að mörgu leyti. Bæði vegna veðurfars og náttúruafla, og vegna þess að við erum ekki nema 360 þúsund manns í stóru landi. Það að vera með frábæra innviði úti um allt land er ekki sjálfgefið. Við höfum hins vegar verið lánsum með góða innviði miðað við önnur þéttbýlli lönd,“ segir Orri sem bendir á að Ísland sé með öflugustu fjarskiptainnviði heims samkvæmt síðustu uppfærslu á ICT-vísitölunni sem Sameinuðu þjóðirnar halda utan um.

„Eitthvað erum við að gera rétt en aftur á móti erum við að glíma við mikið ójafnvægi í uppbyggingu á innviðum. Hún er mikil sums staðar en annars staðar minni. Það er mikið af stöðum úti á landi þar sem fjárfesting hefur verið lítil vegna þess að Míla hefur verið í fjárfestingakapphlaupi við Gagnaveitu Reykjavíkur, sem hefur rúllað út ljósleidaraneti á suðvesturhorninu sem niðurgreitt er úr opinberum sjóðum,“ segir Orri. Þannig sé búið að sóa milljörðum á suðvesturhorninu á sama tíma og það vantar fjárfestu úti á landi.

„Þessu má líkja við manninn sem er með annan fótinn í sjóðandi heitu vatni, hinn fótinn í ísbaði en líður að meðaltali vel,“ segir Orri.

Heiðar segir að málið snúist í grunninn um öryggi innviða, sjálfbæra þróun og það að geta gert meira fyrir minna.

„Við verðum miklu fyrr að byggja upp kerfi sem dekkar allt landið og uppfyllir þessi skilyrði ef við vinnum saman. Ef þetta verður aftur á móti þannig að hvert fyrir-tæki byggir innviði upp á eigin spýt-ur þá fara þau öll beint á arðbærasta svæðið sem veldur offjárferstingu á því svæði en vanfjárferstingu á öðrum,“ segir Heidar.

Þá nefnir hann að 5G-kerfið krefjist margfalt fleiri sendastaða og hver sendir noti margfalt meiri orku en langdrægu sendarnir sem notast er við í dag.

„Markmiðið er að byggja upp öruggara og heildstæðara kerfi með minna raski, minni orkunotkun og minni kostnaði. Það mun felast gríðarleg orkusóun og óþarfa uppbygging í því að hvert fyrirtæki reki sitt kerfi. Við viljum ekki endurtaka tvíverknadinn sem á sér stað þegar tvö fyrirtæki grafa tvo skurðil til að tengja ljósléðara í sama húsi,“ segir Heiðar.

Eftirlitsstofnanir jákvæðar

Fjaraskiptafyrirtækin þrjú hafa hvert fyrir sig átt fund með Samkeppniseftirlitinu og Póst- og fjaraskiptastofnun til að kynna hugmyndir að mögulegu samstarfi.

„Við útskýrðum fyrir eftirlitsstofnununum hvernig við erum að leggja upp fyrstu drög að þessum umræðum. Þeir voru ánægðir og


Niðurstaðan getur haft áhrif á fjármagnsskipan Mílu

Um nokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að Siminn fjármagni sig á grunni dótturfélagsins Milu, sem heldur utan um ýmsa innviði Símans, til að greiða niður óhagstæðari skuldir samstæðunnar.

Á síðasta uppgjörsfundi kom fram í máli Orra að hann „vildi örugglega gera einhverjar breytingar á fjármögnun [Simans] á næstu mánuðum“. Að sama skapi benti Orri á að félagið vildi áður sjá hvernig ýmislegt í umhverfi þess, meðal annars tengt eignarhaldinu, komandi hluthafafundi og eins umræðu um hvernig eigi að samnýta innviði, „spilast út“. Það hefði áhrif á hvernig Siminn vildi koma á sem hagkvæmastri fjármagnsskipan.

Þá hefur verið til skoðunar hvaða tækifæri felist í sölu Milu úr Símanum, það er að meira fáiist fyrir Símann með því að skipta honum upp. Erlendir framtakssjóðir, sem sérhæfa sig í fjárfestingum í fjarskiptainnvíðum, hafa sýnt Milu áhuga á undanförunum mánuðum. Slíkir sjóðir hafa komið

Ef hvert fyrirtæki byggir innviði upp á eigin spýtur fara þau öll á arðbærasta svæðið sem veldur offjárfestingu á því svæði en vanfjárfestingu á öðrum.



sáttir við það upplegg," segir Orri. Spurður um tímaramma segir Orri að hann geri sér ekki of miklar væntingar um að þær gangi hratt fyrir sig.

„Aftur á mótum viljum við ekki sitja of lengi yfir þessu. Til þess að ferlið gangi vel fyrir sig höfum við reynt að afmarka málið í ákveðna þætti og viljum búa til sviðsmyndir yfir mögulegar útfærslur.“

Heiðar segir að eftirlitsstofnanirnar hafi verið jákvæðar í garð þessara hugmynda enda sé að verðgæðisbreyting á fjarskiptum. Sitengdur tæki séu að koma til sögunnar og þáð skipti máli að hafa fjarskiptin í lagi.

„Við sjáum þróun í átt að auknu samstarfi í Evrópu og viðar þar sem fyrirtæki og stjórnvöld eru að kanna með hvaða hætti eigi að byggja upp 5G-kerfin. Nú erum við að leggja grunninn að því hvernig hægt er að vinna þetta áfram,“ segir Heiðar.

Liggja hagsmunir fyrirtækjanna saman?

„Auðvitað eru þetta viðkvæmar viðræður og menn passa að mistæla sig ekki þegar keppinautar standa saman. Þetta eru ólík fyrirtæki með mismunandi áherslur en í einföldustu mynd eru hagsmunirnir svipaðir, það er að segja, að byggja upp sem best kerfi fyrir sem minnst fé,“ segir Orri.

Hann telur mikilvægt að nýta
stjórnbýrinn í ljósi þess að ríkis-
stjórnin hafi mótað stefnu í fjar-
skiptum til ársins 2033 sem kveður
á um að rétt sé að innviðafjárfest-
ingum staðid og horft sé til hag-
stæðrar samnýtingar framkvæmda
og innviða.

Auk þess sé von á tillögum frá átakshópi sem falið er að meta hvaða aðgerðir séu færar til að efla innviði, meðal annars í fjarskiptum, til að tryggja að þeir séu sem best í stakk búnir til að takast á við ofsaverður eða aðrar náttúruhamfarir.

Þá er fram undan innleiðing á Evrópuþilskipun sem hefur fengið nafnið Kóðinn og miðar að því að stuðla að útbreiðslu háhraðanets. Tilgangur tilskipunarinnar er að nýta ýmis samlegðartækifæri sem kunna að vera fyrir hendi til að gera uppbyggingu fjarskiptainnvíða hagkvæmari.

„Það er búið að kynna fyrstu
drögin að íslensku útgáfu frum-
varpsins og ég held að það megi gera
betur til að nýta það sem kemur frá
framkvæmdastjórn Evrópusam-
bandsins til þess að yta undir meiri
samvinnu. Það má renna strok-


ad kaupum á fjarskiptainnvíðum í Evrópu á mjög háum hagnaðarmargfeldum – 15 til 20 sinnum EBITDA – en miðað við það væri hægt að áætla að virði Milu sé um 50 milljarðar, svipað og markaðs- virði Símans í dag.

Greinandi Capacent v k a  m gulegri s lu   M lu   s  asta ver mati fr  því   desember.

„Fáum kaupendum er til að dreifa nema lífeyris-sjóðunum, sem gerir samningsaðstöðu lakari. Sala á Milu yrð Símanum er líkleg til vekja upp óróleika á þingi, sérstaklega ef væntir kaupendur yrðu er-lendir. Mikið og þungt regluverk er um rekstur Milu og hætta á að fjárfestar sem ætla að selja Milu lendi í sama vanda og ríkið með bankana,“ sagði í verð-matinu. Þá spyr greinandinn hvað yrði um fram-tíðarrekstur og yrði Símans ef Mila yrði seld.

„Vissulega er gerlegt að skipta Simanum upp og mikil verðmæti gætu verið falin í Milu. Að sama skapi er áhættan nokkur og gæti valdið usla ef kaupendurnir yrðu aðrir en lífeyrissjóðirnir.“

**Það er mikið af
stöðum úti á landi
þar sem fjárfesting hefur
verið lítil vegna þess að Míla
hefur verið í fjárfestinga-
kapphlaupi við Gagnaveitu
Reykjavíkur.**



tækjanna og þess vegna er algjörlega óþarft að vera með tvöfalt eða jafnvel margfalt grunnkerfi,“ bætir hann við.

I ákvörðun sinni um Sendafélagið tók Samkeppniseftirlitið undir það að samstarf gæti stuðlað að aukinni skilvirkni, öryggi, hagræði og auknum gæðum fyrir starfsemi fyrirtækjanna sem geti skilað sér til flestra ef ekki allra viðskiptavina félaganna á markaði fyrir farsímaþjónustu.

Hins vegar taldi stofnunin ljóst að samstarfið gæti skapað samráðsvettvang eigenda sem eru keppinautar og var samstarfinu því sett ströng skilyrði, til dæmis um jafnræði við heildisölu og óháði stjórnarmanna.

MIDBAER

www.midbaer.is **Fasteignasala** 588 3300

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík | Sími: 588-3300 | midbaer@midbaer.is

Ingólfur Ingvarsson
Löggiltur
fasteignasali
s. 893 7806

Til leigu og afhendingar strax !!

Hallveigarstígur 1 Reykjavík

Glæsilegur nýr inngangur með góðu úti-svæði og húsnæðið „opnað“ með stórum glerfronti.

Við þessar breytingar getur húsnæðið sem er skráð 872,1 fermetri nýst á marg-víslegan hátt, einnig er mögulegt að skipta húsnæðinu fyrir blandaðan rekstur.

Á undanförunum árum hefur húsnæðið verið nýtt sem veislu og ráðstefnusalur. En við þessar breytingar getur hann nýst fyrir nánast hvað sem er. Nýr leigjandi getur fengið húsnæðið aðlagð að sinni starfsemi.

Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur Ingvarsson lögg.fasteignasali síma 8937806 eða ingolfur @midbaer.is

Skotsilfur



Friðrik á útleið

Búast má við talsverðri upp-stokkun á stjórn Íslandsbanka, sem er í eigu ríkissjóðs, á næsta aðalfundi sem áætlað er að fari fram 19. mars. Eftir tíu ára sam-fellda setu sem stjórnarformaður er **Friðrik Sophusson**, sem kom fyrst inn í stjórn bankans í janúar 2010, sagður vera á útleið og hið sama á við um Tómas Má Sigurðs-son, sem settist í stjórnina fyrir um ári og er varaformaður, en hann tók við sem forstjóri HS Orku í árs-byrjun. Frekari breytinga má vænta á stjórninni en Bankasýslan vinnur nú að stöðuskýrslu um leiðir við sölu á hlutum ríkisins í bankanum. Fjármálaráðherra sagði í síðustu viku rétt að hefja undirbúning að sölu á Íslandsbanka í skrefum.



Hætta hjá Lykli

Sverrir Viðar Hauksson, sem hefur starfað sem sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils fjármögnunar frá árinu 2016, lét nýverið af störfum hjá eignaleigufyrirtækinu samfara skipulagsbreytingum sem stjórnendur TM, nýs eiganda Lykils, kynntu í lok síðasta mánaðar. Sverrir Viðar hafði starfað hjá Lykli og forvera þess frá árinu 2013, fyrst sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar félagsins. Sighvatur Sigfússon, sem hefur gegnt starfi sviðsstjóra fjármálasviðs Lykils, hætti einnig störfum hjá félaginu í liðnum mánuði.



Þarf að svara

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur fellt úr gildi ákvörðun fjármálaráðuneytisins um að synja beiðni blaðamanns á Viðskiptablaðinu um aðgang að öllum fundargerðum Lindarhvals sem **Bjarni Benediktsson** ráðherra kom á fót 2016. Ráðuneytið bar því við að meðferð beiðninnar, sem fælist í að afmá upplýsingar úr fundargerðunum, myndi taka það langan tíma að það kæmi niður á öðrum lögbundnum störfum. Þannig væri fyrirsjáanlegt að afgreiðsla málsins úrtheimti í það minnsta 25 tíma vinnu. Nefndin tók þau svör ekki gild og lagði fyrir ráðuneytið að taka málið til nýrrar afgreiðslu.



Fjárfestar í Ericsson taka vel í hugmyndir um bandaríska fjárfestingu



Starfsmenn á vegum Ericsson sjást hér setja upp-5G sendi. Hlutabréfaverð í sænska fjarskiptafélaginu hækkaði um hátt í sex prósent í síðustu viku eftir að William Barr, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, lýsti því yfir að Bandaríkin og bandamenn þeirra ættu að íhuga að fjárfesta í félaginu eða hinu finnska Nokia til þess að sporna gegn því að kinverski tæknirisinn Huawei tæki forystu í þróun 5G-fjarskiptatækninnar. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Íslenskur Þjóðarsjóður



Valdimar Ármann
sérfræðingur í markaðs-viðskiptum hjá Arctica

- Stöðugleikasjóður fyrir gjald-eyrisflæði
- Auðlindasjóður óendurnýjanlegra auðlinda

Nú þegar er Ísland í rauninni með tvo stóra sjóði sem uppfylla tvö eftirsótt markmið, það er söfnun lífeyris þar sem lífeyrissjóðirnir eru að mestu leyti fullfjármagnaðir (fyrir utan B-deild LSR) og gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands sem er mögulegt að nýta sem stöðugleikataki á gjaldeyrimarkaði og því nokkurs konar sveiflujöfnunartæki í tilfelli áfalls í utanríkisviðskiptum. Ekki hefur verið litið svo á að Ísland sé að nýta óendurnýjanlegar auðlindir og því sé mögulegt að nýta hagnað af nýtingu auðlinda okkar í samneyslu og fjárfestingar. En það mætti hugsa íslenskan þjóðarsjóð sem hefðbundinn auðlindasjóð þar sem ábatinn af auðlindum er sparður og dreift jafnar milli kynslóða.

Miðað við stöðuna á loftslagsmálum og hlýnun andrúmslofts er nú metið að jöklarnir okkar muni bráðna hraðar á næstu áratugum og því minnka hraðar og jafnvel hverfa. Aukin bráðnun þýðir meira rennsli í jökulám sem gerir okkur kleift að fá meiri orku frá vatnsaflsvirkjunum. Nú hefur raforkuverð til stóriðu verið að hækka jafnt og þétt og spár um auknar arðgreiðslur

- Söfnun lífeyris fyrir landsmenn



Stofnun Þjóðarsjóðs mun auka traust Íslands út á við og sýna fjárhagslegan styrk ríkissjóðs.

Landsvirkjunar eru að verða að veruleika. En ef jöklarnir minnka þá er ekki hægt að segja að vatnsaflsvirkjanirnar séu að fullu að búa til endurnýjanlega orku heldur mun krafturinn þverra með tíð og tíma. Ef þetta er raunin, þá er ekki skynsamlegt að nýta auknar tekjur af Landsvirkjun til þess að fjármagna samneysluna. Frekar má heimfæra hugmyndafræði Þjóðarsjóðsins að einhverju leyti á olíusjóð Norðmanna og safna arði og ábata af auðlindum okkar, það er auðlindarentunni, taka til hliðar og geyma til framtíðar. Hugmyndafræði olíusjóðsins í Noregi er í grunninn sú að olíuauðlindin er ekki endurnýjanleg og að á einhverjum tímamarki muni hana þrjóta. Því er hagstætt að spara ábatann og búa í haginn fyrir minni tekjur í framtíðinni og koma samhliða í veg fyrir auðlinda-bölvun og hollensku veikina, það er

í stuttu máli ofhitnun hagkerfisins meðan á nýtingu auðlindar stendur og kólnun þegar hana þrýtur.

En jafnframt mætti hugsa sér að í Þjóðarsjóðinn renni gjaldeyris-tekjur af ferðamannþjónustu sem hefur verið sívaxandi undanfarinn áratug og einn stærsti áhrifavaldurinn í því að Ísland er með jákvæða hreina erlenda stöðu og viðvarandi viðskiptaafgang. Hins vegar er mikil vöntun á innviðafjárfestingum á Íslandi sem tengjast margar hverjar ferðamönnum, til dæmis í vegakerfinu, og þyrfti að nýta tekjur fyrst í slíkar fjárfestingar.

Stofnun Þjóðarsjóðs mun auka traust Íslands út á við og sýna fjárhagslegan styrk ríkissjóðs sem ætti að skila sér í bættara aðgengi fyrirtækja að fjármögnun á betri kjörum. Erlendir fjárfestar munu taka þessu sem mjög jákvæðu merki og gæti verið hluti af því að laða til landsins erlenda fjárfestingu. Það er auðséð að fjárfestingar Þjóðarsjóðs séu að fullu erlendis enda er stærstur hluti tekna af orkusölnunni í erlendri mynt. Beina ætti fjárfestingum sjóðsins í áhættulitlar eignir og mestu máli skiptir að eiga öruggar erlendar eignir – fjárfestingarstefnan sem slík þarf því ekki að vera flókin og til að byrja með mætti leita í bandarísk ríkisskuldabréf sem gefa jákvæða ávöxtun.

Fjárhagsáhyggjur í fæðingarorlofi



Björn Berg Gunnarsson
deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Foreldrahlutverkið kemur skemmtilega á óvart á þann veg að vera samtímis meira vesen en við höfðum áætlað en líka mun yndislegra. Þegar barn kemur í heiminn, með öllu tilheyrandi, viljum við umfram allt njóta þeirra

góðu stunda sem við eigum með barninu og helst hafa þær sem allra flestar.

Fæðingarorlofsrétturinn sem launafólk hér á landi hefur er afar dýrmætur og skyldi ekki tekið sem sjálfsögðum hlut, þar sem hann gefur okkur færi á að njóta samveru með barninu án teljandi áhrifa á fjárhaginn. Eða þannig ætti hann að vera.

Þrátt fyrir að hámarksgreiðslur hafi hækkað um fjórðung á undanfórnum þremur árum og mánuði verið bætt við þá sem í boði eru mun taka fæðingarorlofs óum-



Orlofsgreiðslan verður aldrei hærri en 80 prósent heildarlauna og fer ekki yfir 600.000 krónur á mánuði.

flýjanlega hafa áhrif á tekjur heimilisins, bæði í dag og á lífeyrisaldri.

Orlofsgreiðslan verður aldrei hærri en 80 prósent heildarlauna og fer ekki yfir 600.000 krónur á mánuði. Þá er ekki greitt mótframlag í viðbótarlífeyrissparnað og þar sem hægir á réttindaávinnslu í lífeyrissjóði sökum lægri tekna hefur þetta einnig í för með sér tekju-skerðingu þegar komið er á eftirlaunaaldur. Ef við höfum ekki borð fyrir báru fjárhagslega þegar fjölgar í fjölskyldunni er hætt við að þetta valdi fjárhagslegum erfiðleikum eða í það minnsta áhyggjum og það

er það síðasta sem við viljum verja fæðingarorlofinu í.

Samhliða skertum tekjum fylgir barneignum að sjálfsögðu kostnaður. Virkur markaður með notaðar barnavörur hjálpar vissulega við að halda þeim útgjöldum í skefjum en bílstólar, klæðnaður, bleyjur og aðrar nauðsynjar eru fljótar að telja.

Sama hvernig snýr á fjárhagshliðinni er þetta þegar öllu er á botninn hvolft allt saman að sjálfsögðu vel þess virði og rúmlega það.

Ekki spara barneignirnar, munum bara að spara fyrir þeim svo við njótum þeirra betur.

Ancala klárar 102 milljarða fjármögnun

Innviðasjóður Ancala Partners sem keypti í maí í fyrra helmingshlut í HS Orku hefur lokið fjármögnun upp á samanlagt 735 milljónir evra, jafnvirði tæplega 102 milljarða króna. Um þrjátíu stofnanafjárfestar frá Evrópu, Ástralíu, Asíu og Norður-Ameríku lögðu sjóðnum til fé.

Breska sjóðastýringarfyrirtækið, sem sérhæfir sig í innviðafjárfestingum í Evrópu, greindi frá fjármögnuninni í liðinni viku. Fjármögnunin gekk betur en forsvarsmenn sjóðsins, sem ber heitið Ancala Infrastructure Fund II, höfðu gert sér vonir um en þeir stefndu upphaflega að því að sækja allt að 600 milljónir evra.

Í tilkynningu Ancala Partners var tekið fram að sjóður fyrirtækisins hefði þegar varið um 150 milljónum evra, jafnvirði 21 milljarðs króna, í fjárfestingar í hollenska fjarskiptafyrirtækinu Fore Freedom, John Lennon-flugvöllinum í Liverpoolborg í Bretlandi og HS Orku. Að meðtöldum fjármunum frá meðfjárfestum gæti sjóðurinn nú fjárfest fyrir allt að einn milljarð evra, eða um 138 milljarða króna.

50%
er eignarhlutur sjóðs Ancala Partners í HS Orku.

Innviðasjóðurinn, sem hefur tólf ára líftíma, stefnir að því að skila árlega á bilinu tíu til þrettán prósentu ávöxtun. Forsvarsmenn hans segja sjóðinn geta aukið virði meðalstórra innviðafyrirtækja sem hafi ekki hlotið næga athygli af hálfu fyrri eigenda.

Jarðvarmi, samlagshlutafélag í eigu fjórtán lífeyrissjóða, nýtti á síðasta ári forkaupsrétt sinn til kaupa á 53,9 prósentu hlut í HS Orku af kanadíska orkurislanum Innergex ásamt því að kaupa 12,7 prósentu hlut fagfjárfestasjóðsins ORK í íslenska orkufyrirtækinu. Kaupin voru gerð í samfloti með sjóði Ancala Partners en í kjölfar þeirra fóru breski sjóðurinn og Jarðvarmi með helmingshlut hvor í HS Orku.

Samtals var um að ræða kaup á 66,6 prósentu hlut í HS Orku og var samanlagt kaupverð hlutanna um 47 milljarðar króna.

Haft var eftir Lee Mellor, meðeiganda Ancala Partners, á þeim tíma að sjóðurinn deildi sameiginlegri hugmyndafræði með Jarðvarma þar sem áhersla væri lögð á stuðning við stjórnendur, frekari fjárfestingar og samstarf til langs tíma. HS Orka væri ákjósanlegur grunnur til að vinna að frekari verkefnum á vettvangi endurnýjanlegrar orku á Íslandi. – **kij**

Settu tíu milljarða í sprota

Fjárfest var í sprotafyrirtæki á þrettán daga fresti í fyrra. Erlendir fjárfestar hafa verið umfangsmiklir undanfarin fimm ár. Stofnandi Northstacks segir að lítið fé sé eftir í sjóðum sem fjárfesta í nýsköpun.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is




Fjöldi skráðra fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum jókst á milli ára úr 22 í 29 árið 2019. Fjárhæðin sem lögð var í fyrirtækin dróst lítillega saman á milli ára, eða um fimm prósent, og nam 81 milljón dollara, jafnvirði 10,2 milljarða króna. Í samanburðinum er horft fram hjá fjárfestingum sem eru yfir 50 milljónir dollara til að skekkja ekki samanburðinn. Þetta kemur fram í samantekt Northstack, fréttavefs um nýsköpun.

Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, stofnandi Northstacks, segir að síðastliðið ár hafi verið gott þegar lítið er til fjölda fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og fjármagnsins sem þau fengu. Að hans mati eru 29 fjárfestingar á einu ári í frumkvöðlafyrirtækjum dágott. „Það er ein fjárfesting á þrettán daga fresti,“ segir hann.

Kristinn Árni segir að það sé þó nokkur munur á hvernig fjárfestingum hafi verið háttáð á milli árána 2018 og 2019. Fjárfestingum í frumkvöðlafyrirtækjum megi skipta á milli fyrirtækja sem séu að stíga sín fyrstu skref og fyrirtækja sem séu að sækja á markað með nýja vöru og stefni á að vaxa hratt. „Á árinu 2018 var mikið um að fyrirtæki sem væru lengra komin á veg fengu fjármagn. Mörg þeirra höfðu fengið fjármagn árið áður. En í fyrra var meira um að fyrirtæki sem væru komin skemmra á veg fengu fjármagn,“ segir hann og nefnir að það sé af hinu góða því það sé merki um að það sé verið að koma á fót nýjum fyrirtækjum.

Hann segir að á árinu 2017 hafi fjöldi fyrirtækja sem komin voru stutt á veg fengið fjármagn, þau fyrirtæki sem hafi gengið vel hafi fengið viðbótarfjármagn ári síðar og því hafi hann óttast að fjöldi nýrra fyrirtækja færi dvinandi eftir það. „Nú má ímynda sér að á næsta ári fái fleiri fyrirtæki sem eru komin lengra á veg fjármagn,“ segir hann.


Kristinn Árni segir að erlendir fjárfestar hafi lagt mikið fé í sprotafyrirtæki á undanfórnum fimm árum. Í fyrra hafi 72 prósent af fjármagninu haft erlenda tengingu og 48 prósent af fjárfestingunum. Kerecis hafi til að mynda fengið 16 milljóna dollara fjármögnun í fyrra, eða jafnvirði um tveggja milljarða króna, frá fjárfestum víða um heim, lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis fékk fjármögnun að jafnvirði 1,9 milljarða króna frá sérhæfðum erlendum fjárfestum og Authenteq fékk fimm milljónir dollara, eða um 630 milljónir króna, meðal annars frá fjárfestingafélagi Tims Draper sem



Fyrirtæki sem voru komin skemmra á veg fengu meira fjármagn í fyrra en stærri sprotar. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR


/// Fjárfest í 29 sprotum

Met slegið í fjölda fjárfestinga í sprotafyrirtækjum í fyrra



/// Fjárfestingar í sprotum

Mælt í milljónum dollara



/// Þátttaka erlendra fjárfesta

Lögðu til fé

52%

48%

Fjöldi viðskipta

28%

72%

■ Erlendir fjárfestar ■ Íslenskir fjárfestar

sé þekktur fjárfestir í Kísildalnum.

„Á Ísland erum við ekki með slagrymi til að reka nýsköpunarsjóði sem geta fjárfest fyrir 20 milljónir dollara í einu fyrirtæki. Sjóðirnir hafa yfirleitt úr 40-50 milljónum dollara að spila í heildina. Þeir fjárfesta yfirleitt frá hálfri milljón til tveggja milljóna dollara í hverju fyrirtæki,“ segir hann og nefnir að fyrirtæki sem séu komin lengra á veg þurfi mögulega 10-20 milljónir dollara til að sækja fram. Þá sé jafnvel skynsamlegt að fá í hluthafahópinn fjárfestingasjóði sem séu sérhæfðir í viðkomandi geira.

Kristinn Árni segir að það sé hættumerki hve lítið fjármagn sé eftir í nýsköpunarsjóðum landsins til að fjárfesta í nýjum sprotum. Rekstraraðilar sjóða þyrftu á næstu tólf til 24 mánuðum að safna fé í nýja sjóði til að halda vegferðinni áfram.

„Það er mikilvægt að verja fé í nýsköpun því sprotafyrirtæki dagsins í dag verða Marel og Össur morgundagsins. Að sama skapi þarf fjármagn að vera til staðar til að styðja við áframhaldandi vegferð sprotans,“ segir hann.

Hann segir mikilvægt að byggja

upp heilbrigt fjármögnunarumhverfi sem gagnist sprotafyrirtækjum. Fjármögnun þeirra sé með öðrum hætti en hefðbundinna fyrirtækja sem slái lán í banka fyrir byggingarframkvæmdum eða kaupum á fiskveiðiskipum.

„Þeir sem fjárfesta í sprotum taka mikla áhættu mjög snemma en geta átt von á gríðarlega miklum ábata,“ segir Kristinn Árni og nefnir að fjárfestarnir þurfi því að búa yfir sérhæfðri þekkingu og reynslu. Hvarvetna þar sem nýsköpun sé gróskumikil, eins og til dæmis í Kísildalnum, London, Stokkhólmi eða Tel Aviv, kunni fjármögnunarumhverfið að vinna með sprotum á alþjóðavísu.

Að hans sögn skapi heilbrigt fjármögnunarumhverfi hringrás. Lýsandi dæmi um það sé að Frumtak hafi fjárfest í DataMarket sem selt var til bandaríska fyrirtækisins Qlik. Við það hafi stofnandinn, Hjálmar Gíslason, eignast fjármuni sem hann hafi meðal annars nýtt til að stofna nýtt fyrirtæki, Grid, sem sé undir hans stjórn og fjárfest í Avo. „Hefði Frumtak ekki fjárfest í DataMarket hefði Hjálmar mögulega ekki eignast fé til að leggja í Avo,“ segir Kristinn Árni.

Avo er fyrsta íslenska fyrirtækið til að fara í viðskiptahraðalinn Y Combinator sem er sá þekktasti í heimi. Þau tímamót urðu í fyrra. Á meðal fyrirtækja sem hraðallinn hefur komið að eru Airbnb, Dropbox og Reddit.

Stofnendur Avo störfuðu áður hjá QuizUp. Kristinn segir að fyrirtækið sé að leysa vandamál sem starfsmenn QuizUp glímdu við. „QuizUp gekk ekki upp en það leiddi til þess að TeaTime var komið á fót – sem hefur komið með um einn milljarð króna inn í íslenskt hagkerfi – og til stofnunar Avo,“ segir hann.

Telja Arion banka geta greitt allt að fimmtíu milljarða arð á árinu

Greinendur hagfræðideildar Landsbankans telja að arðgreiðslugeta Arion banka geti numið um fimmtíu milljörðum króna á næstu tólf mánuðum. Þar af gæti útgáfa bankans á víkjandi bréfum sem teljast til annars vegar eiginfjárbáttar tvö og hins vegar viðbótareiginfjárbáttar eitt losað um allt að 22 milljarða króna til hluthafa.

Þetta kemur fram í nýlegri afkomuspá hagfræðideildar Landsbankans sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, hefur sem kunnugt

er sagt að viðskiptamódel bankans muni byggja í meiri mæli á milli-liðahlutverki þar sem efnahagsreikningurinn verði notaður með sértækari hætti en áður samtímis því að bankinn veiti þjónustu sem feli í sér minni eiginfjárbindingu.

Í afkomuspá greinenda Landsbankans er rakið að geta Arion banka til þess að greiða hluthöfum arð geti verið umtalsverð á næstu tólf mánuðum og þá sérstaklega ef bankanum tekst að minnka fyrirtækjalánabók sína og nýta til fulls heimild sína til þess að gefa út víkjandi bréf.

Sérfræðingar Landsbankans

22

milljarða króna svigrúm til arðgreiðslna myndast ef Arion banki nýtir til fulls heimild til þess að gefa út víkjandi bréf, að mati hagfræðideildar Landsbankans.

benda meðal annars á að samkvæmt gróflegum útreikningum sínum geti tuttugu prósentu

minnkun á lánasafni Arion banka til fyrirtækja, alls um áttatíu milljarðar króna, eins og áætlun forsvarsmanna bankans fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir, losað um fimmtán milljarða króna til handa hluthöfum.

Til viðbótar við útgáfu víkjandi skuldabréfa og minnkun á fyrirtækjalánabókinni taka greinendur hagfræðideildar Landsbankans fram að umfram eigið fé Arion banka sé um þrettán milljarðar króna. Eiginfjárfrafn á bankann standi enda í 21,8 prósentum, að teknu tilliti til nýlegrar hækkunar á sveiflufjöfnunarauka og stjórnenda-

auka, en eiginfjárhlutfall bankans var 23,8 prósent í lok þriðja fjórðungs síðasta árs.

Þá telja greinendurnir að sala Arion banka á fimmtíu milljarða króna íbúðalánasafni til íbúðalánasjóðs, sem gekk í gegn á síðari hluta síðasta árs, geti losað um alls 3,5 milljarða króna eigið fé.

Allt í allt gæti því arðgreiðslugeta Arion banka numið um fimmtíu milljörðum króna á næstu tólf mánuðum, að mati hagfræðideildar Landsbankans, ef miðað er við stöðu áhættuveginna eigna bankans í lok þriðja fjórðungs síðasta árs. – **kij**

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Sjálfskaparvíti

Það stefnir í langt verkfall hjá starfsmönnum Eflingar í Reykjavíkurborg. Það er ekkert í kortunum sem mun stöðva baráttu Sólveigar Önnu Jónsdóttur verkalýðsforingja. Auk þess situr verkalýðsfélagið á dígrum verkfallssjóði, hann var tæplega 2,8 milljarðar króna við árslok 2018 og getur því stutt við bakið á þeim 1.800 félagsmönnum sem eru í verkfalli nokkuð lengi.

Engu að síður verður forysta Eflingar að gæta sín á að launa-hækkanir í borginni muni ekki bitna á félagsmönnum í öðrum störfum. Það liggur í augum uppi að verði gengið að kröfum Eflingar mun höfrungahlaup hefjast, verðbólga fer á skrið, lífs-kjarasamningurinn raknar upp og fyrirtæki munu mæta auknum launakostnaði með uppsögnum. Forysta Eflingar verður að horfast í augu við samhengi hlutanna.

Eflingarfólk þarf að hafa hugfast að verkföll í leikskólum bitna einkum á venjulegum fjölskyldum í Reykjavík. Það er ekki verið að vængstýfa atvinnulífið svo heitið geti eins og sumir kunna að telja sér trú um. Foreldrar þurfa að taka fri frá vinnu og dragist verkfallið á langinn munu margir neyðast til að vera í launalausum frii. Það mun koma verst niður á þeim sem eiga erfitt með að ná endum saman og búa ekki að sterku baklandi til að aðstoða við barnapössun. Eflaust eru einhverjir félagsmenn í Eflingu í þeim hópi.

Það má öllum vera ljóst að um hættuspil er að ræða. Háskólamenntaðir leikskólakennarar munu ekki sætta sig við það að fá sambærileg laun og ófaglærðir. Aukin menntun hefur bætt leikskólastarfið og mikilvægt er að umbuna kennurum fyrir að ganga menntaveginum svo halda megi áfram á þeirri braut. Á sama tíma er Bandalag háskólamanna með lausa kjarasamninga, margir félagsmenn eru ósáttir við kjör sín og munu krefjast verulegra launahækkana gangi atлага Eflingar eftir.

Á Íslandi eru greidd ein hæstu laun í heimi. Til að halda þeirri stöðu þarf að skapa fyrirtækjum heilbrigð umhverfi til að fjárfesta í rekstrinum. Há verðbólga, sem er fylgifiskur höfrungahlaupsins, mun draga úr vilja til að fjárfesta og leiðir til þess að Seðlabankinn þarf að hækka stýrivexti. Það mun draga enn frekar úr getu atvinnulífsins til að byggja sig upp. Afleiðingin verður að efna-hagslífið mun með tíð og tíma ekki geta staðið undir jafnháum launum og nágrannaþjóðir okkar.

Það er nefnilega auðvelt að glutra niður góðri stöðu. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri hættu að allt fari á hliðina. Sjálfskaparvitin eru víða.

Eyrir Ventures fjárfestir í Atmonia

Eyrir Ventures, sprotafjárfestinga-félag Eyrís Invest, fjárfesti nýverið í íslenska sprotafyrirtækinu Atmonia sem vinnur að þróun byltingarkennds ferlis til umhverfisvænnar áburðarframleiðslu á smáskala. Í kjölfarið tók Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Eyrís Invest, sæti í stjórn fyrirtækisins.

Eyrir Ventures fjárfesti í breytanlegu skuldabréfi Atmonia fyrir um fjórutíu milljónir króna en Örn segir í samtali



Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Eyrís Invest.

við Markaðinn að félagið geri ráð fyrir að taka þátt í frekari fjármögnun sprotafyrirtækisins síðar meir.

Auk Arnar hefur Viktoría Valdimarsdóttir, ráðgjafi og einn stofnenda Ábyrga lausna, sest í stjórn Atmonia en fyrir í stjórn situr stjórnarformaðurinn Egill Skúlason, prófessor í efnaverkfræði við Háskóla Íslands og einn stofnenda sprotafyrirtækisins. Stendur rannsóknarhópur hans á bak við fyrirtækið. – kij

06.02.2020



Fyrsta skrefið væri að orðið framleiðni væri notað í kjaraviðræðum. Ekki leiðrétting.

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri



Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



TILKYNNING UM UPPGREIÐSLU SKULDABRÉFA

Kópavogsbær hefur ákveðið að nýta sér heimild til uppgreiðslu skuldabréfaflokks sem er á gjalddaga þann 16. mars 2020.

Er hér um að ræða skuldabréf sem auðkennd eru sem 1. flokkur 1995, útgefin þann 16. mars 1995. Skuldabréfin verða greidd upp þann 16. mars 2020.



Kópavogsbær

kopavogur.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Raufapanill

Tilboð
mánaðarins
25%
afsláttur

Afsláttur af öllum upphengibúnaði



Til á lager:

Raufapanill er fánlegur í hvítum plötum í stærðinni: 120 x 240 og 240 x 120 cm. Einnig fánlegur, tilbúinn fyrir sprautun.

Smellulistar:

Snap-in smellulista er auðvelt að skipta um og fánlegir í mörgum litum.



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

TAKTIC 5570 #

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is



Snorri Sigurfinnsson

Löggiltur fasteignasali
S 864 8090
snorri@fasteignasalan.is

GISTIHEIMILIÐ DALBRAUT 10 LAUGARVATNI, Á GULLNA HRINGNUM.



1074,5 fm gistiheimili með 30 herbergjum og rúmum fyrir 79 manns. Veitingasalur með sætum fyrir allt að 70 manns. Í húsinu hefur um árabil verið rekin gistipjónusta. Um er að ræða sölu á fasteign og fylgifé.

Gríðarlegir möguleikar. Innbú sem tilheyrir rekstrinum fylgir með í kaupunum.

Húsið Dalbraut 10 er byggt í áföngum, upphaflega 1973 sem pósthús og símsstöð en síðan byggt við í tvígang ca 2006 og 2016. Alls er eignin 1074,5 fm í dag. Heildarástand hússins að utanverðu er gott og er það klætt að miklu leiti. Brunastigar við báða húsgafla. Endurnýjaðir gluggar og gler og hurðar. Malbikað bílastæði að norðanverðu. Að innan er ástand eignarinnar gott. Nýleg lyfta er í húsinu. Öll tilskilin leyfi eru til staðar fyrir gistipjónustuna og veitinga og vinsölu. Flísar á öllum gólfum og hiti í gólfum í yngri hluta hússins. Endurnýjaðar innihurðar.

Í húsinu er móttaka. Veitingasalur með sæti fyrir allt að 70 manns. Góður bar. Gott eldhús, stór Zanussi ofn, steikarpanna, stálvinuborð, tveir kæliskápar,

upppvottavél o.fl. 30 misstór herbergi, 2-5 manna. 25 herbergjanna er með sér baðherbergi. Annars sameiginleg baðherbergi. Lítil íbúð með séringngangi sunnan við hús. Rúm fyrir 79 manns. Þrjú sameiginleg gestaeldhús, eitt á hverri hæð. Þvottahús með tveimur iðnaðarvélum og þurrkara, geymslur o.fl. Almenn gott heildarástand og viðhald.

Seljendur hafa rekið gistiheimilið undir merkjum Hostelling International. Heimasíða: <https://www.hostel.is/hostels/laugarvatn-hi-hostel>

Seljandi/rekstraraðili hefur sl þrjú ár verið valinn í hóp framúrskarandi fyrirtækja hjá Creditinfo

Ásett verð kr. 220.000.000.-

Nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurfinnsson löggiltur fasteignasali s. 864-8090 eða snorri@fasteignasalan.is Hringið og bókið skoðun.

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1918 Útgáfa Dags á Akureyri hefst. Honum er ætlað að koma út tvisvar í mánuði.

1919 Konungsúrskuður um skjaldarmerki Íslands er gefinn út. Það er krýndur skjöldur og á hann markaður fáni Íslands og skjaldberar, dreki, örn, uxi og risi.

1940 Eldey er friðuð með lögum. Þar með er bannað að ganga á eyjuna án leyfis ríkisstjórnarinnar og að granda þar fugli.

1950 Samband evrópskra sjónvarpsstöðva er stofnað.

1965 Hótel Holt í Reykjavík er opnað. Í öllum herbergjum, 36 að tölum, eru málverk eftir íslenska listamenn.

1983 Konur mótmæla vitnalögum Zia-ul-Haq í Pakistan þar sem vitnisburður kvenna skyldi metinn til háls á við vitnisburð karla.

1994 Vetrarólympíuleikarnir 1994 hefjast í Lillehammer í Noregi.

1994 Málverki Edvard Munch, „Ópinu“, er stolið af safni í Ósló.

1999 Vantraust gegn **Bill Clinton** er felld í Bandaríkjaþingi.



Össur skólastjóri, Ármann Kr. bæjarstjóri og Áslaug Eiríksdóttir, formaður foreldrafélags hljómsveitarinnar. MYND/ANTON BRINK

Erum við hlið Álfhólsins og hugsum vel til íbúanna

Skólahljómsveit Kópavogs fagnar nýjum húsakynnum fyrir starfsemi sína sem vígð voru í lok liðinnar viku. Þau eru hin fyrstu sérhönnuðu fyrir slíka sveit á Íslandi. Össur Geirsson skólastjóri ræður sér varla fyrir kæti, enda búinn að bíða eftir þessu í 48 ár.

Langþráður draumur er uppfylltur með þessari nýju álmu við Álfhólsskóla sem byggð var fyrir Skólahljómsveit Kópavogs. Segja má að sveitin hafi verið í bráðabirgðahúsnæði þessa rúmlega hálfu öld sem hún hefur starfað,“ segir Össur Geirsson, skólastjóri hennar, um húsnæðið sem vígt var með pompi og pragt síðasta föstudag.

Össur rifjar aðeins upp söguna. „Við vorum lengi með aðstöðu í kjallara íþróttahúss Kársnesskóla og á tímabili í gömlum bóndabæ í Ástúni sem búið er að rífa, þar var náttúrlega engin hljóðeinangrun, lágt til lofta og stutt til veggja. Síðan fluttum við í íþróttahúsið Digranes árið 1999, það var hugsað sem millibilsástand meðan verið væri að finna framtíðarhúsnæði, ég fékk loforð um að við yrðum þar að hámarki tíu ár en þau urðu 20.“

Að byggja var það sem þurfti, að sögn Össurar. „Það var búið að bjóða okkur alls konar húsnæði en allt hafði það sömu annmarka, þar var engin hljóðeinangrun svo hljóðið fór eitthvert annað en það átti að fara, það vantaði æfingasál og hitt og þetta. Það hefði í raun alltaf verið meiri kostnaður við að taka gamalt húsnæði, gera það fokhelt og byrja upp á nýtt en að byggja frá grunni. Við erum við hlið Álfhólsins og hugsum vel til íbúanna þar, þeir hafa leyft þessu húsi að rísa í friði.“

Nýbygginguna segir Össur vera draum sem lengi hafi verið vera á draumastiginu. „Við erum eina skólahljómsveitin á landinu sem á húsnæði, sérstaklega hannað fyrir hennar starfsemi,“ segir hann og lýsir því nánar. „Hér eru sjö kennslustofur, geymslur fyrir hljóðfærin, nóturnar og búningana, hér er vinnuaðstaða fyrir kennarana, æfingasalur og auk þess tónleikasalur með sviði.“

Þegar viðtalið er tekið er allt að komast í skorður. „Við höfum verið dálítið í



Ármann bæjarstjóri fékk að sýna snilli sína á trommunum. Næstur er Kjartan Guðnason, slagverksleikari og kennari við hljómsveitina. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

kössunum fram að þessu en nú sjáum við skólann eins og hann á að vera – og verður – næstu árin,“ segir Össur.

Opið hús var í húsnæði skólahljómsveitarinnar síðasta laugardag og Össur segir helling af fólki hafa komið að skoða það og gleðjast yfir framtakinu. „Hér var mikið fjör, enda virkilegt fagnaðarefni að fá svona aðstöðu. Verst að það skyldi þurfa 50 ára bið, en við sýtum það ekkert núna, fyrst þetta er í höfn.“

Skólahljómsveitirnar í Reykjavík, bæði Austurbæjar og Vesturbæjar sem síðar skiptust meira upp, höfu starfsemi tíu árum á undan Skólahljómsveit Kópavogs, að sögn Össurar. „En okkar hljómsveit er sú fyrsta sem stofnuð var bæði fyrir stráka og stelpur, hinar voru drengjahljómsveitir til að byrja með, svo komu stelpurnar og fengu að vera með. En hér í Kópavogi var eitt af markmiðunum strax að aðgengi að sveitinni væri jafnt fyrir stelpur og stráka. Við erum líka stolt af því.“

Össur kveðst aðeins hafa fengið að

leggja til hugmyndir um hvernig nýja húsið þyrfti að vera til að þjóna tilgangi sínum. „Hér er vel hugað að hljóðvistinni innan húss, þannig að ekki sé of mikill glymjandi eða hljóðleki milli herbergja. Það skiptir öllu máli fyrir þessa starfsemi, meðal annars fyrir heilsufar bæði kennara og nemenda, svo þeir séu ekki að koma héðan út með heyrnarskemmdir. Þetta er eins og hver annar tónlistarskóli, nemendur fá samþættilga kennslu og í öðrum tónlistarskólum.“

Í lokin er Össur spurður hversu lengi hann hafi verið skólastjóri Skólahljómsveitar Kópavogs. „Í ansi mörg ár! Ég tók við sem skólastjóri 1993 en ég er búinn að vera í hljómsveitinni frá 1972. Það var eiginlega það fyrsta sem ég gerði þegar ég flutti í Kópavoginn að skrá mig í sveitina og læra þar á hljóðfæri. Ég er búinn að vera hér síðan og tel mig eiga Íslandsmet í þrautseigju, að hafa verið í næstum 50 ár í barnalúðrasveit!“

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ósk Ásgeirsdóttir

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 5. febrúar, verður jarðsungin frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 15. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Kvenfélagið Stjörnuna, kt. 451291-2039, reikningsnúmer 0179-15-555225.

Marínó Eggertsson
Sigríður Benediktsdóttir
Eggert Marínósson
Haukur Marínósson
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Haraldsdóttir

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, 3. febrúar síðastliðinn. Útför fer fram föstudaginn 14. febrúar kl. 11.00 frá Langholtskirkju.

Dagbjört Einarisdóttir **Ómar Þorleifsson**
Finnur Einarsson **Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Ólafsdóttir

ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur,

sem lést 22. desember verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. febrúar klukkan 15.

Ólafur Guðbrandsson **Kristbjörn Egilsson**
Anna Lís Geirsdóttir **Óðinn Birgisson**
Hjördís Geirsdóttir **Bryndís Guðmundsdóttir**
Bjarni Heiðar Geirsson barnabörn og barnabarnabörn.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000
eða sendu póst a.orn@frettabladid.is.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Kassatilboð

24 x 250 ml



1.500 kr./kassi

ES Orkudrykkur
Venjulegur og sykurlaus, 24x250 ml

Kaupauki

Remia tómatsósa fylgir með hverjum pakka



750g

750ml

879 kr./pk.

SG Ketó Feta Pylsur, 750 g
SG Pepperoni Ostapylsur, 750 g
Remia Tómatsósa fylgir hverjum pakka



Kipputilboð

6 x 500 ml

1 kg



Aðeins
89 kr.
flaskan

529 kr./kippa

Egils Kristall kippa
Hreinn og Mexican Lime, 6 x 500 ml



998 kr./1 kg

Venezia Kaffibaunir
Espresso, 1 kg



395 kr./kg

Spergikál
Spánn



395 kr./kg

Blómkál
Spánn

Lífræn epli

1 kg



498 kr./1 kg

Bio Epli
Lífræn, 1 kg, Ítalía

HOLT OG GOTT
Í BÓNUS



198 kr./pk.

Fuji Epli
2 stk.



259 kr./pk.

Ramiro Paprika
2 stk., ca. 180 g



Verð gildir til og með 16. febrúar eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Sparaðu tíma og fyrirhöfn

Fulleldaðar súpur og réttir - Aðeins að hita



1.598 kr./pk.

Bónus Súpur
1-1,2 kg, 5 teg.

SALTKJÖT
og baunir... Bónus!

HAKKBOLLUR
og alvöru kartöflumús



1.598 kr./pk.

Bónus Baunasúpa og Saltkjöt
Fullelduð, 1 kg



1.298 kr./pk.

Bónus Hakkbollur
og kartöflumús, 1,2 kg

BÓNUS

**EKKERT
BRUÐL**

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 2 °C K	-6 3 °C K	-5 2 °C K
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
-5 2 °C K	-4 6 °C K	-11 7 °C K

Heldur hægari vindur í dag, áfram líkur á eljum norðan til á landinu og einnig við suðausturströndina. Frost 3 til 13 stig.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 7 °C K	-10 4 °C K	-11 1 °C K
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
-7 2 °C K	-4 5 °C K	-15 4 °C K

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1 13 °C K	-4 10 °C K	-7 3 °C K
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
-4 6 °C K	0 15 °C K	-6 17 °C K

LÉTT

			6			
9	4		7	2		3
7	5	1	9		4	
		9			6	
4	7		2		1	9
	8		1	7	3	5
			4		8	7
8		4			2	9
1						

MIDLUNGS

	9		8	1		3		
		8	9					
3				7	5			1
5	7	4		8	2			
				4		1		
	2						8	
6				2	9			
9	3	1	5			7		
				3		5	6	

PUNG

		5						
	4				3		1	
1		7	8					
9			1		4	8		6
		6		5				3
					8			
6	5	4		8			9	
2			5		9	4		
				1		8		

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1. Ofmat
- 5. Gapa
- 6. Són
- 8. Áhald
- 10. Tveir eins
- 11. Þangað til
- 12. Nýlega
- 13. Fita
- 15. Tiltrú
- 17. Ímugustur

LÓÐRÉTT

- 1. Gnægð
- 2. Bráðræði
- 3. Hlé
- 4. Ofra
- 7. Misbeita
- 9. Féfang
- 12. Bónus
- 14. Gruna
- 16. Gyltu

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. ofmat, 5. gápa, 6. sön, 8. áhald, 10. tveir eins, 11. þangað til, 12. nýlega, 13. fíta, 15. tiltrú, 17. ímugustur. LÓÐRÉTT: 1. gnægð, 2. bráðræði, 3. hlé, 4. ofra, 7. misbeita, 9. féfang, 12. bónus, 14. gruna, 16. gyltu.

Skák Gunnar Björnsson

Haik átti leik gegn Peew í Búkarest árið 1979.

1...Df3! 2. Bb1 (2. gxf3 Rxf3 3. Kf1 Bh3#). 2...Dxg2 3. Kd2 Dxf2 0-1. Skákmót öðlinga hefst í kvöld. Allir 40 ára og eldri velkomnir til að taka þátt. Næstisíðasta umferð Skák-hátíðar MótX fór fram í gærkveldi. Í gær hófst alþjóðlegt mót í Prag þar sem Hannes Hlífar er meðal keppenda.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Svartur á leik



7	8	3	4	9	5	2	1	6
6	9	2	7	3	1	5	8	4
1	4	5	2	6	8	3	7	9
2	6	8	5	1	9	4	3	7
3	7	1	6	2	4	8	9	5
4	5	9	3	8	7	1	6	2
8	3	4	9	7	2	6	5	1
5	1	7	8	4	6	9	2	3
9	2	6	1	5	3	7	4	8

7	1	5	8	2	9	6	4	3
8	4	6	5	7	3	2	9	1
3	2	9	4	6	1	5	7	8
1	9	7	3	4	5	8	2	6
2	3	8	9	1	6	7	5	4
5	6	4	7	8	2	1	3	9
6	5	2	1	3	4	9	8	7
9	7	3	6	5	8	4	1	2
4	8	1	2	9	7	3	6	5

9	7	5	1	3	4	6	8	2
6	8	3	5	2	9	7	1	4
2	1	4	6	7	8	9	3	5
5	4	8	7	6	1	3	2	9
1	6	2	8	9	3	4	5	7
7	3	9	2	4	5	8	6	1
8	2	7	4	5	6	1	9	3
4	9	1	3	8	2	5	7	6
3	5	6	9	1	7	2	4	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus




Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Viltu koma elskunni á óvart?

Valentínusartónleikar í Salnum, Kópavogi.

Íslenska Galasveitin flytur rómantískar perlur úr amerísku söngbókinni.

14. febrúar kl. 20.30

Miðasala á tix.is

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Lífið á Spáni Sigmundur Ernir fer og kynnir sér Íslendinga-lífið á Costa Blanca á Spáni.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með að-stoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttabáttur á miðviku-degi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er nýr þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.25 Kastljós
12.40 Menningin
12.50 Gettu betur 1993 Úrslit. MR - Versló
14.05 Mósaiik
14.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
15.55 Persónur og leikendur Róbert Arnfinnsson
16.35 Græna herbergið
17.15 Nálspor tímans
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Dóta læknir
18.19 Sigildar teiknimyndir
18.26 Músahús Mikka
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kiljan
20.45 Ljós móðirin - Call The Midwife VI
21.40 KappleikurMatch
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Stúlkur gegn ISIS Girls, Guns and ISIS Heimildarþáttur frá BBC þar sem Stacey Dooley slæst í för með herfylki Jasidakvenna sem eru staðráðnar í að ná fram hefndum gegn hryðjuverkasamtökunum Íslamska ríkinu. Hryðjuverkasamtökin hafa frá 2014 framið þjóðarmorð á Jasidum og hneppt þúsundir í þrældóm. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.05 Louis Theroux. Lystarstol Louis Theroux. Talking to Anorexia
00.05 Kveikur
00.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 ISPS Handa Vic Open Útsending frá ISPS Handa Vic Open
13.30 AT&T Pebble Beach Pro-Am Útsending frá AT&T Pebble Beach Pro-Am.
18.30 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.
19.25 Genesis Open Útsending frá lokadegi Genesis Open á PGA-mótaröðinni.
21.35 Gainbridge LPGA at Boca Rio Útsending frá Gainbridge LPGA at Boca Rio.
23.35 PGA Tour Útsending frá The American Express.
02.00 ISPS Handa Women's Australian Open Bein útsending.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ríði	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,3 FM Suðurland	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 89,5 Retro	FM 93,5 Rás 1	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 99,4 Útvarp Saga	
FM 90,1 Rás 2	FM 95,7 FM957	FM 97,7 X-ið	FM 100,5 K100	

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 Single Parents
15.20 Top Gear. Winter Blunderland
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Survivor
20.10 BH90210
21.00 Chicago Med
21.50 Station 19
22.35 Love Island
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 The Resident
01.35 Emergence
02.20 Det som göms i snö Rannsóknarlögreglumaðurinn Peter Wendel og félagar hans rannsaka gömul og óleyst sakamál.
03.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 RisaStórar SmáSögur
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfegnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Hjartastaður Nítjándi lestur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar(2 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 The Wedding Singer
13.05 Swan Princess. Royally Undercover
14.25 Draugabanarnir II
16.10 The Wedding Singer
17.50 Swan Princess. Royally Undercover
19.10 Draugabanarnir II
21.00 Between Two Worlds
22.40 Sniper. Ultimate Kill
00.10 The Exception
01.55 Between Two Worlds

STÖÐ 2

08.00 Friends
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.10 Mom
10.30 I Feel Bad
10.55 The Good Doctor
11.40 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Strictly Come Dancing
14.30 Strictly Come Dancing
15.15 GYM
15.40 Lose Weight for Good
16.10 The Village
16.50 Grand Designs
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Sportpakinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.05 Vikingalottó
19.10 Heimsókn Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.
19.35 Ultimate Veg Jamie
20.25 Grey's Anatomy
21.10 Mary Kills People
21.55 Gary Gulman. The Great Depresh
23.15 NCIS
00.00 S.W.A.T.
00.45 Magnum P.I.
01.30 Strike Back
02.15 Strike Back
03.00 The Victim Mögnuð skosk spennuþáttaröð með Kelly Macdonald og John Hannah í aðalhlutverkum.
04.00 The Victim
05.00 True Detective
06.00 True Detective

STÖÐ 3

19.10 The Big Bang Theory
19.35 Fresh Off The Boat
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Arrow
21.35 Arrow
22.25 Mrs. Fletcher
22.55 The Last Ship
23.40 Supergirl
00.25 Batwoman
01.10 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Grindavík - Þór Þ. Útsending frá leik í Dominos deild karla.
09.20 Atletico Madrid - Granada Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
11.00 Espanyol - Real Mallorca Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
12.40 Valur - Stjarnan Útsending frá leik í Dominos deild karla.
14.20 KR - Keflavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
16.00 Dominos Körfuboltakvöld karla
17.40 Annáll 2019. Körfubolti karla og kvenna
19.50 ÍA - KR Bein útsending frá leik í Lengjubíkar karla.
22.00 Super Bowl LIV Útsending frá Super Bowl LIV.
00.30 Nottingham Forest - Leeds Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.


STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -FOTUR • AÐFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.F.L.



Betra BAK

LOKAVIKAN
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

**VEFVERSUN**
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



UNDRI
HEILSUINNISKÖR



Betra BAK

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HTHILD: PRENTMÁLAMELUNG CALLUP OKT-DEK 2019, 12-80 ÁR. ALLT ÁRÍÐN VICTORIA ISLAND, WWW.FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Draumurinn um Nínu rættist

Nína Dagbjört Helgadóttir tekur þátt í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn með laginu Ekkó. Röð atvika olli því að **Rúna**, móðir hennar, syngur bakraddir með Nínu, en hún hefur áður tekið þátt í keppninni.

Fyrst virkar textinn eins og hróp söngkonunnar eftir ástinni. En ef textinn er skoðaður betur skín í gegn barátta hennar til að vekja mann-fólkið af tómlæti sínu og áhugaleysi á verndun jarðarinnar,“ segir söngkonan Nína Dagbjört Helgadóttir en hún kemur fram í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins og syngur lagið Ekkó á laugardaginn.

Það var Þórhallur Emil Halldórs-son sem samdi lagið en hann hafði séð lag frá Nínu á myndbandasíðunni YouTube.

„Ég þekkti Þórhall ekki fyrir, en hann fann mig á YouTube. Ég samdi lagið Prove It ásamt Javi Valino við og gerðum tónlistarmyndband sem vakti mikla athygli. Þórhallur hafði samband, við hittumst og allt small saman,“ segir Nína.

Prófin í forgangi

Móðir hennar Rúna Stefánsdóttir er söngkona. Hún segir Nínu hafa tekið því með stökustu ró þegar lagið var valið til að taka þátt í undankeppninni.

„Nína er svo jarðbundin að hún lét okkur ekki vita að lagið hefði verið valið fyrr en nokkrum dögum eftir að hún fékk að vita það sjálf. Hún var að læra fyrir stúdentspróf. Þegar við inntum hana eftir því hvi hún hafði ekki sagt okkur frá þessu um leið svaraði hún að hún hefði einfaldlega ekki tíma til að pæla í þessu akkúrat þá, hún yrði að læra og myndi hugsa um þetta um leið og prófum lyki,“ segir Rúna.

Rúna hefur tvisvar tekið þátt í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins. Hún fór árið 1999 út til Ísraels og söng bakraddir við lag Selmu Björnsdóttur, All out of luck. Það endaði í öðru sæti. Rúna segist handviss um að Nína myndi standa sig með þryði á stóra sviðinu í Rotterdam.

„Svo sannarlega, Nína er mjög einbeitt í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur, hún hefur mikinn metnað fyrir sér, laginu og keppninni í heild,“ segir Rúna.

Söngelsk í æsku

Það stóð ekki til að Rúna myndi syngja með Nínu, enda var það henni fyrst og fremst í huga að vera dótturinni til halds og trausts í gegnum ferlið.



Nína Dagbjört og Rúna móðir hennar stiga saman á sviðið í Laugardalshöll um helgina. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

ÉG HEF ALLTAF VERIÐ MJÖG STOLT AF ÞÁTTTÖKU MÖMMU Í KEPPN- INNI OG ÞAÐ VAR MINN DRAUM- UR AÐ FÁ EINHVERN TÍMANN AÐ TAKA ÞÁTT LÍKA.

Nína

„Ég var með henni í stúdíóinu, hjálpaði til með val á bakröddum og valdi með henni búninga. Við hjónin höfum unnið vel saman með Einari Bárðarsyni, sem samdi íslenska textann. Það var aldr- ei ætlun mín að troða mér inn í bakröddun,“ segir Rúna og hlær. „En síðan kom það í ljós að Agústa

Ósk söngkona gæti ekki verið með okkur í undankeppninni. Þá var það í raun einfaldast að hendast í hlutverkið í hennar stað,“ segir hún.

Nína hefur verið söngelsk frá því að hún man eftir sér.

„Mamma og pabbi hafa bæði mikið verið í músikbransanum og eðlilega smitaðist ég af þeirra áhuga,“ segir Nína.

Skrifað í skýin

Fjölskyldan öll heldur mikið upp á Eurovision og horfir alltaf á.

„Við skráum alltaf niður hvaða lög við teljum líklegust til að komast áfram og sigra, hér heima og úti. Það er auðvitað alltaf meira gaman ef Ísland kemst í úrslit, en ef ekki, þá horfum við þrátt fyrir það,“ segir Rúna.

„En vegna tengsla mömmu við

keppnina er hægt að segja að áhugi minn á Eurovision hafi verið óumflýjanlegur. Ég hef alltaf verið mjög stolt af þátttöku mömmu í keppninni og það var minn draumur að fá einhvern tímann að taka þátt líka. Það kom sannarlega skemmtilega á óvart að detta í þann lukkupott að fá að taka þátt núna,“ segir Nína.

Hún segir mömmu sína alltaf hafa verið fyrirmynd hennar þegar kemur að söngnum.

„Hún hefur alla tíð gefið mér góð ráð, bæði þegar kemur að söng og framkomu. Hún er mér algjörlega ómissandi og ég er svo hamingju-söm að hafa hana mér við hlið í bakröddum þegar ég stig á svið næsta laugardag,“ bætir hún við.

Gætu ekki verið stoltari

Rúna segir það afar skemmtilegt að

horfa á dótturina feta sömu braut og hún sjálf gerði.

„Ég og fjölskyldan öll gætum ekki verið stoltari. Við höfðum alltaf sagt að það væri skrifað í skýin að Nína myndi einhvern tímann taka þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins og nú er hægt að segja að draumurinn um Nínu hafi ræst,“ segir Rúna hlær.

Líkt og Nína fékk tónlistarbakt-eríuna frá móður sinni, fékk Rúna söngáhugann í gegnum móður sína, Esther Garðarsdóttur.

„Hún söng meðal annars með Árna Elfari og Hauki Morthens í gamla daga. Svo smitaðist Nína af mínum áhuga og ef ég hef rétt fyrir mér er ég nokkuð viss um að hún muni flytja þennan tónlistar-áhuga áfram til barna sinna þegar að því kemur,“ segir Rúna.

steingerdur@frettabladid.is

FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um feringuna kemur út **þriðjudaginn 10. mars.**

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is


Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Atli Bergmann
Sími 550 5657
atlib@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐID SÉRBLÖÐ



Cheerios síðan 1997

Auður, tónlistarmaður

BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Viddir lýðræðis

Þjóðaratkvæðagreiðslur um Icesave, kosning til stjórnlagabings, óbindandi atkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs, hverfakosningar í Reykjavík og krafa um ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá eru allt birtingarmyndir vaxandi þrýstings á það að auka beint lýðræði. Svo mikil rétthugsun er að baki öllu þessu að það er varla hægt að vera á móti. Ég ætla samt að reyna.

Í fyrsta lagi fer kosningaþátttaka minnkandi. Hún fór vaxandi í alþingiskosningum frá 1874 þar til hún náði hámarki árið 1956 í 92% en er svo komin niður í 79% 2016 og 81% 2017. Sama þróun á sér stað með þjóðaratkvæðagreiðslur; mest þátttaka var 98% árið 1944 en aðeins 49% um tillögur stjórnlagaráðs árið 2012. Maður hlýtur því að spyrja hvort atkvæðagreiðslur séu góð leið til að ná fram því sem sumir kalla þjóðarvilja. Væri ekki vönduð skoðanakönnun til dæmis bæði ódýrari og líklegri leið til að komast nær þjóðarvilja?

Í öðru lagi vantar algerlega tíma sem vidd inn í beint lýðræði. Hvernig getur naumur meirihluti Breta hinn 23. júní 2016 tekið ákvörðun sem hefur áhrif á alla til næstu áratuga? Hvað hefði gerst ef kosið hefði verið degi fyrr eða síðar? Hvernig hefði þessi janúar á Íslandi verið ef afengisbannið sem samþykkt var með atkvæðagreiðslu 1908 væri enn í gildi? Að lokum er spurning hvort það að hrinda fólki ofan í skotgrafir sé góð leið til að leiða mál til lykta. Er ekki það ferli sem fulltrúalýðræðið býður upp á líklegra til að mynda breiðari sátt?

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

COKE
ÁN SYKURS
500 ML
169
KR/STK



Kvikk
ON THE GO



siminncyclothon.is

Skráning er hafin



Síminn
CYCLOTHON
23.–26. júní 2020

Hertz

N1

storytel

SJÓVÁ

GAP

